



REYNSLUAKSTUR: VW Passat, Suzuki Swift, Skoda Octavia og Mercedes Benz A-150



MÓTORHJÓL: mannréttindi og öryggi



PININFARINA: 75 ára saga hönnunar og sérsmiði



SUMARDEKKIN 2005: sjaldan verið öruggari



Pungaskatturinn af frá 1. júlí:

Dísilolían dýrari en bensínið

EuroRAP – öryggismat

Íslensku vegirnir stjörnumerktir

Leiðari:

Slysin eru ekki sjálfsögð

Það er ekkert sjálf-sagt mál að umferðin sé hættuleg – við hvorki þurfum né eigum að sætta okkur við það. Umferðin snýst nefnilega ekki um líf. Hún snýst um hreyfanleika, að komast á milli áfangastaða án þess að því fylgi einhver



Árni Sigfússon

sérstök vá. Hreyfanleikinn er ekki og á ekki að vera eins og að aka inn í orrustu á hverjum einasta degi þar sem undir hæl-inn er lagt hvort maður kemst af, örkumlast eða sleppur nokkurn veginn heill.

Við Íslendingar þekkjum orðatiltækið „Hafið gaf – hafið tók“. Í sjávarplássum til forna gat jaðrað við að sjóslys þætti ásættanlegur fylgifyiskur áhættunnar sem fylgdi því að vera sjómaður. En svo kom að góðu fólki fannst nóg komið. Það var tekið myndarlega á málum og sjóslysum hefur fækkað stórlega. Þegar sjóslys verða er krafist skýrri upplýsinga um orsakir og hvernig verði komið í veg fyrir að slíkt endurtaki sig?

Sama er með flugið. Það er stórfrétt ef slys verður í flugi. Almennungur og fjölmiðlar spyrja hinna sígildu spurninga: Hvað gerðist? Hvar? Hvenær? Hversvegna? Og hvað svo?

Við erum löngu hætt að sætta okkur við það að slys á sjó og slys í flugi séu sjálf-sagður fylgifyiskur þess að fljúga eða sigla. Við myndum alls ekki sætta okkur við að 40 sæta vél í innanlandsflugi, full af fólki, færist þriðja hvert ár.

Eigum við þá eitthvað frekar að sætta okkur við að sami

fjöldi láti lífið í umferðinni? Svarið er skýrt: Alls ekki! Við getum gert mun betur gagnvart öryggi bíla, vega og ökumanna.

Samtök bifreiða-eigenda um alla heim hafa með sér samstarf innan alþjóðasamtaka sinna og FÍB hefur tekið virkan þátt í því í áratugi.

Einn þekktasti ávöxtur þessa samstarfs er að árekstrarprófa bíla og stjórnumerka eftir því hversu vel þeir vernda fólk ef eitthvað ber út af. Verkefnið nefnist EuroNCAP (Europe New Car Assessment Program) og hefur skilað þeim mikla árangri að nú eru framleiddir miklu öruggari bílar en fyrir átta árum er verkefnið hófst.

Nú er komið að því að skoða vegina sjálfa og nefnist það verkefni EuroRAP. Hvað má þar betur fara? Eru vegir öruggir fyrir okkur sem um þá förum? Hvernig er hægt að bæta öryggið á vegunum og koma þannig í veg fyrir að slys og óhöpp hafi alvarlegar afleiðingar?

FÍB er aðili að EuroRAP og er í þess nafni að hefja athugun á íslenska vegakerfinu. FÍB er þess fullvisst að verkefnið geti innan fárra ára skilað okkur öruggari vegum og öruggari umferð, ekki síður en það hefur gert í þeim löndum þar sem það er komið vel áleiðis. Við skulum ekki lengur sætta okkur við slysin sem óhjákvæmilegan fylgifyiskur umferðarinnar. Þau eru það ekki.

Árni Sigfússon

FÍB blaðið. 1. tbl. maí 2005. Ábyrgðarmaður: Runólfur Ólafsson. Ritstjórn: Stefán Ásgrímsson. Umbrot: Sigurður Sigurðsson. Höfundar efnis: Njáll Gunnlaugsson, Ólafía Ásgeirsdóttir, Runólfur Ólafsson, Sigurður Bogi Sævarsson, Stefán Ásgrímsson, Ævar Friðriksson, Þorvaldur Örn Kristmundsson o.fl.

Í blaðinu

4 ESP skrensvörn er jafn mikilvæg og bílbeltin. Toyota áfram á flugi. Preföld söluaukning á umhverf-isvænni bílum. Pólskur mótór í tékkneskri Toyota.

6 Subaru sækir í sig veðrið. Changfeng Cheeta. Chevrolet Aveo. Ræsir byður til sölu MANTRA torfærutróll frá Austurríki.

8 Zhonghua M1. Nýr Rav4 á leiðinni. Geely Chengbao. Verður loftbíllinn þéttbýlisfarartæki nán-ustu framtíðar?

10 Pininfarina-formfegurð-vör- vöndun. Á gömlum Fiat 500 frá Torino til Peking. Fær nýi páfínn VW Touareg?

12 Þungaskatturinn af frá 1. júlí: Disilólían dýrari en bensínið. Atlantsólía og samráðsúrskurð-ur koma neytendum til góða: Álagning olíufélaganna af bensíni lækkar. Sænsk olíufélag dæmd fyrir markaðssamráð.

13 Eitt mikilvægasta verkefni sem FÍB hefur ráðist í er að hefjast: EuroRAP – örggismat á íslenska vegakerfinu.

16 Reynsluakstur: Suzuki Swift. Þessi mun spjara sig.

18 Reynsluakstur: VW Passat. Stóri fólksvagninn orðinn enn stærri.

20 Reynsluakstur: A-Benz. Ekki lengur svo lítill.

22 Reynsluakstur: Skoda Octavia. Nýr, stærri og betri Skódi.

25 Sumardekkinn 2005. Sumardekkinn hafa sjaldan verið öruggari.

29 Mótórhljól, mannréttindi og umferðaröryggi.

31 Á húsbíl um Norðurlönd.

36 Hvert skal haldið í sumar? Bandaríkin eru heimsóknar virði

42 Barnabílstólar passa ekki í hvaða bíl sem er. Landsþing FÍB næsta haust. Gott samstarf heldur áfram. Nýr samstarfaðili FÍB Aðstoðar.

43 Mikki & Mangi.



**BIFREIÐAVERKSTÆÐI
FRÍÐRIKS ÓLAFSSONAR ehf.**

Smiðjuvegi 22 (Græn gata) · 200 Kópavogi Sími: 567 7360 · www.bfo.is



Grand
öryggi

Grand
gæði

Grand
styrkleiki

Grand Vitara Limited er glæsilegur bill hlaðinn búnaði. Til viðbótar við ríkulagan staðalbúnað Grand Vitara, er Limited útgáfan meðal annars með leðuráklæði á sætum, "Limited" álfelgum, vindskeið með hemlaljósi, þokuljósum í framstuðara, vidaráferð á mælaborði og krómuðum hurðarhúnum og grilli.



Grand Vitara Limited

Verð:

Beinskiptur kr.
2.640.000
27.044
á mánuði*

Sjálfskiptur kr.
2.790.000
29.206
á mánuði*



Komdu í reynsluakstur, þú verður ekki fyrir vonbrigðum og verðið það hefur aldrei verið hagstæðara.

 **SUZUKI**

SUZUKI BÍLAR HF.
Skeifunni 17. Sími 568 51 00.
www.suzukibilar.is

* bifasamingur Gittis með 30% úrborgun og eftirstöðvum í 84 mánuði.
50% íslenskar kr / 50% erlend mynt



Ford Focus

Preföld söluaukning á umhverfsvænni bílum

Bílasalar í Stokkhólmi telja að sala á umhverfsvænni bílum muni þrefaldast á þessu ári miðað við fyrra ár. Bæði hefur framboð á þessum bílum aukist og sömuleiðis hefur afgreiðslustöðvum fyrir annað eldsneyti en bara bensín og dísilolíu fjölgað. Til dæmis um það hafa þrjú nýjar stöðvar sem selja gas á bíla verið opnaðar á Stokkhólmsvæðinu.

Í fyrra jókst sala á þessum



Toyota Prius

bílum í Stokkhólmi um rúmlega 30% og vegna fyrrnefndra breyttra aðstæðna reikna bílasalar með þessari miklu upp-sveiflu. Bæði Volvo og Saab eru um þessar mundir að koma fram með nýjar gerðir etanolknúinna bíla og búast hvorir um sig við að selja 500 bíla á Stokkhólmsvæðinu. Þá mun Ford kynna senn nýja gerð af Ford Focus Flexifuel, sem gengur á bæði bensíni og etanolí. Þá er vaxandi eftirspurn eftir Toyota Prius tvinnbílum.

Toyota áfram á flugi

Toyota var lang söluhæsta bifreiðategundin á Íslandi síðastliðið ár eins og undanfarin ár. Ef marka má skráningar-tölur nýrra bíla fyrstu fjórar vikur ársins sem liðnar eru, virðist sem ekki ætli að vera minna flug á Toyota á þessu ári. Á tímabilinu var skráð 61 Toyotabifreið af alls 273 bílum sem þýðir að hátt í fjórði hver nýr bíll er Toyota.

Í öðru sæti á umræddu tímabili er Ford. Af honum voru skráðir 37, Mitsubishi er í þriðja sætinu með 26 eintök, í því fjórða og fimmta eru Honda og Subaru með 20 eintök, þá Volkswagen með 17 eintök og Skoda með 16, Hyundai með 14 og Nissan með 12.



Ný sænsk rannsókn:

ESP skrensvörn er jafn mikilvæg og bílbeltin

Ný rannsókn sænsku vegamálastofnunarinnar bendir til að rafeindastýrt stöðugleikakerfi í bílum, svonefnt ESP stöðugleikakerfi er álíka mikilvægt og bílbelti í því að forða líkamstjóni og dauða fólksins í bílnum. Þessi rannsókn gefur mun sterkari vísendingar um gagnsemi stöðugleikabúnaðar en þær rannsóknir sem hingað til hafa verið gerðar.

Rannsóknin sem um ræðir leiðir í ljós að ESP minnkar líkur á alvarlegum meiðslum og dauða um um það bil 25%. Og í vetrarfæri minnkar ESP líkur á framanákeyrsluárekstrum, út-afkeyrslum og veltum í snjó og á ís og í bleytu um 50%. Það er sama og bílbeltin gera ein og sér því að spennt bílbelti draga úr líkum á alvarlegum meiðslum og dauða um 50% miðað við



ESP í öllum sænska bílaflothanum myndi spara 80-100 mannlíf árlega í Svíþjóð einni.

að nota þau ekki. Þetta myndi þýða það að mati þeirra sem rannsóknina gerðu, að ef ESP væri í öllum bílum í Svíþjóð, þá myndu 80-100 færri farast árlega í bílslysum í landinu.

Þessar niðurstöður hafa orðið til þess að sænska vegamálastofnunin hefur komið boðum til sænsks almennings um að fólk kaupi ekki nýjan bíl nema í honum sé ESP kerfi. Sömuleiðis hefur verið send út tilmæli til söluaðila nýrra bíla að þeir selji ekki aðra bíla en þá sem eru með ESP kerfi.

Sænska vegamálastofnunin rannsakaði fyrst árið 2003 gagnsemi ESP stöðugleikakerfis í bílum. Niðurstöður hennar sýndu ótvírætt fram á gagnsemi kerfisins. Síðan hefur bílum með ESP fjölgað mjög í Svíþjóð og eru niðurstöðurnar nú því taldar mun marktækari en þegar hlutfall ESP-búinna bíla var lægra.

Rannsóknin náði til umferðarslysatilfella þar sem 10 þúsund bílar komu við sögu. Um 8 þúsund bílanna voru án ESP en 2 þúsund með ESP.

Pólskur mótor í tékkneskri Toyotu

Í byrjun ársins var tekin í notkun ný bílaverksmiðja í Tékklandi í eigu Toyota. Það sérkennilega er að þar er smiðaður einn og sami bíllinn undir þremur tegundarnöfnum. Þetta er smábíll sem heitir ýmist Citroën C1, Peugeot 107 og Toyota Aygo. Í grunninn er þó um að ræða einn og sama smábíllinn.

Mótorar og gírkassar í bílana koma frá Póllandi frá verksmiðju sem nefnist Toyota Motor Manufacturing Poland (TMMMP). Framleiðslugetan er upp á 250 þúsund 1,0 l bensínhreyfla og 300 þúsund handskipta gírkassa á ári. Í verksmiðjunni í Póllandi eru nú þegar smiðaðir gírkassar Toyota Yaris bíla sem settir eru saman í Frakklandi og í Toyota Corolla bíla sem settir eru saman í Englandi og Tyrklandi.

Samvinna Toyota og PSA (Peugeot og Citroën) hófst fyr-

ir þremur árum og er fyrsti ávöxturinn þessi nýi smábíll frá Tékklandi sem er þessa dagana að koma á markað í Evrópu. Eins og sjá má eru bílarnir nánast eins í öllum höfuðatriðum, en áherslumunur er í innréttingum, búnaði og litasamsetningum.

Þetta eru smábílar gerðir fyrir Evrópumenn, lengdin er 3,4 m, breiddin er 1,6 m og hæðin 1,4 m. Bensínvélina í þeim öllum kemur sem fyrr segir frá véla- og gírkassaverksmiðju Toyota í Póllandi. Hún er 1,0 l að rúmtaki en einnig fást bílarnir með 1,4 l sparneytinni og mengunarletttri dísilvél með nýjustu eldsneytisinnspauptunar- og útblásturs-hreinsitækni.

„Bílarnir eru sérstaklega aðlagðir til aksturs og notagildis í evrópskum bæjum og borgum,“ segir í sameiginlegri fréttatilkynningu frá PSA og Toyota.



Ný Toyotaverksmiðja í Tékklandi sem framleiðir sama bíllinn sem Toyota, Peugeot og Citroën.

Í okkar huga er landið
jafndýrmætt og frelsið



ÍSLENSKA AUGTÍSINGASÍÐA/STJÓRNALIS 101 01/2005

Land Crusier 90. Tákn um frelsi

Nýr Land Cruiser 90 er tákn um frelsi. Hann gefur þér langþráð tækifæri til að kynnast töfrum landsins, tign öræfanna, afli straumvatna og víðáttu jökla. Hann uppfyllir kröfur þínar um meiri fágun og framúr-

skarandi gæði, hörku og dugnað. En hann krefst þess á móti að þú sýnir landinu nærgætni og umgangist það af sömu virðingu og frelsið.



TODAY TOMORROW **TOYOTA**



Kínverskur jepplingur:

Changfeng Cheeta

Bílaíðnaðurinn í Kína þenst út hröðum skrefum og á bílasýningunni í Shanghai nú í vor sýndu kínversku bílaverksmiðjurnar bæði bíla sem þegar eru í framleiðslu en einnig marga djarflega gripi sem fyrirhugað er að setja í framleiðslu.

Jepplingurinn Cheeta frá Changfeng verksmiðjunni vakti mikla athygli á sýningunni fyrir mjög sérstaka og djarflega og al-kínverska hönnun. Vél og drifbúnaður er ættaður frá Mitsubishi, en Changfeng framleiðir einmitt Pajero jeppa fyrir Kínamarkaðinn.



GM bíll til höfuðs Renault/Dacia Logan:

Chevrolet Aveo

Á bílasýningunni í Shanghai frumsýndi General Motors nýjan smábíl sem ætlað er að etja kappi við hinn ódýra Renault/Dacia Logan. Nýi GM bíllinn heitir Chevrolet Aveo og verður hann seldur í 120 löndum utan V-Evrópu. Hann verður framleiddur bæði hjá Daewoo í Kóreu og hjá kínversku bílaverksmiðjunni SAIC, þeirri sömu og ekki vildi ausa meira fé í MG Rover í Bretlandi á dögunum.

Chevrolet Aveo er lágverðs-smábíl á sama hátt og Renault Logan. Hann verður fimm sæta fjögurra dyra stallbakur. Hann verður 431 sm að lengd, 170 sm á breidd og 149 sm há. Lengd milli hjólamiðja er 248 sm.

Tvær vélargerðir verða í boði í hinum kínverska Aveo. Sú minni er 1,4 l en sú stærri 1,6 l. Hann mun fást ýmist með 5 giru handskiptingu eða fjögurra hraða sjálfskiptingu. Hann verður framhjóladrifinn og í honum verður búnaður eins og fjarstýrðar samlæsingar, tveir loftþúðar og læsivardir hemlar.

Subaru sækir í sig veðrið

Sjö manna jepplingurinn B9 Tribeca er væntanlegur á næstunni.

Subaru ætlar að stórauka umsvif sín í Evrópu og nærri tvöfalda bílasöluna í álfunni á næstu fjórum árum. Fyrirtækið, sem lengi hefur verið leiðandi í því að smíða fjórhjóladrifna fólksbíl í heiminum, boðar nýjar gerðir bíla sem höfði til breiðs hóps kaupenda. Það er því ekki bara japanska stórfyrirtækið Toyota sem blæs til sóknar í Evrópu heldur líka eitt þeirra minni, - árleg bílaframleiðsla Subaru er 600 þúsund bílar

Áætlanir Subaru lúta að því að auka framleiðsluna úr 600 þúsund bílum í 900 þúsund árið 2009. Af þeim verði 100 þúsund bílar seldir Evrópubúum á móti 60 þúsund nú. Þessar áætlanir kalla á nýjar gerðir og þær eru um þessar mundir að koma fram hver af annarri.

Subaru ætlar áfram að leggja mesta áherslu á Impreza og á bílasýningunni í Frankfurt í haust verður frumsýnd ný endurbætt Impreza með aflmeiri boxermotor en áður. Glæný kynslóð Impreza mun svo verða frumsýnd á bílasýningunni í Tokyo haustið 2007. Þessi nýja kynslóð verður með nýjum meginsvip sem gríski bílahönnuðurinn Andreas Zappatinas, yfirhönnuður Subaru sem áður starfaði hjá Alfa Romeo, hefur skapað. Sá meginsvipur verður á öllum gerðum Subaru-bíla í framtíðinni þannig að framvegis verða Subaru-bílar auðþekktir.



Subaru B9 Tribeca. Einn nýrra Subaru bíla sem eiga að styrkja markaðstöðu Subaru í Evrópu.

Subaru hefur þótt líða nokkuð fyrir fábreytt úrval yfirbygginga. Úr því hyggjast Subarumenn bæta og verður nýja Impreza sem kemur 2007 ekki einungis smíðuð sem fjögurra dyra heldur líka tveggja, sem coupé eða sportleg útgáfa, sem jepplingur og jafnvel líka sem tveggja manna sportbíl sem keppa á við þann sportbíl sem lengst hefur verið í óslitinni framleiðslu - Mazda Miata.

Og til að ná enn betur til evrópskra bílakaupenda ætlar Subaru að hella sér út í dísilvélakapphlaupið og koma fram með fyrstu boxer túrbódísilvélina í bíl nokkru sinni og verður hún faánleg í Imprezunni 2007. Hún verður tveggja lítra og „að minnsta kosti 160 hestafla“ eins og talsmaður Subaru sagði við Auto Motor & Sport. Þessi nýja

dísilvél verður síðan valkostur í Legacy og Forester frá 2008. Þá mun nýi jepplingurinn B9 Tribeca verða faánlegur með sex strokka boxerdísilvél frá 2008. Þangað til verða menn að láta sér nægja sex strokka 250 ha boxerbensín-motorinn sem þykir víst nokkuð þyrstur.

Loks hyggst Subaru flytja út á Evrópumarkaðinn nýjan smábíl, R1, sem eingöngu hefur verið falboðinn á heimamarkaðinum Japan hingað til. R1 var reyndar sýndur á bílasýningunni í Genf fyrir skömmu. Hann er með 660 rúmsm bensínvél og myndi kosta rúma eina milljón hér á landi. Subaru býst ekki við neinni stórsölu á þessum smábíl í Evrópu en boðar nýjan smábíl, sérstaklega hannaðan með Evrópumenn í huga árið 2007.

Nýr torfærubíll á Íslandi:

Ræsir býður til sölu MANTRA torfærutröll frá Austurríki

Ræsir hf, umböðsfyrirtæki Mazda hér á landi mun senn hefja innflutning og sölu á miklum torfærubíl sem heitir MANTRA 4x4.

MANTRA 4x4 er að grunni til Mercedes Benz Sprinter af 300, 400 og 600 seríu. Það er aust-



Mantra fæst í hverskonar útgáfu og kaupendur óska eftir; sem fólksflutningabílar, vöru- og sendibílar, sjúkra- og slökkvibílar svo eitthvað sé nefnt.

urríska fyrirtækið Achleitner sem fær glænýja Sprinter bíla beint af færiböndum Mercedes og breytir þeim þannig að setja í þá millikassa, fjórhjóladrif og videigandi hækkanir, styrkingar og tilfærslur á hásingum svo að útkoman verði þessir öflugum torfærubílar.

Í frétt frá Ræsi segir að smíðin á MANTRA torfærubílunum sé ekki síst hugsuð út frá þörfum björgunarsveita, hers, lögreglu, sjúkra- og slökkviliða. Hérlendis muni þeir duga öllum þeim sem þurfa á öflugum torfærubílum að halda, eins og veitustofnunum og ferðaþjónustuaðilum sem flytja fólk um torfæru og erfiðar



MANTRA er að stofni til Mercedes Sprinter sendibíll. En eftir að tæknilið austurríska fyrirtækisins Achleitner hefur farið um þá höndum, sett í þá millikassa, framdrif nýjan fjóðurunarbúnað og upphækkanir breytast bílarnir í mikla torfæruvagna. Breytingin er það mikil að bílarnir teljast eftir þetta sérstök framleiðsla.

leiðir og snjóþungar. „Þeir sem gera út bíla vegna skólaaksturs á snjóþungum svæðum og aðilar í ferðaþjónustu fá þarna góðan valkost,“ segir í frétt frá Ræsi.

Fjórir MANTRA sýningarbílar eru þegar á leið til landsins og verða til sýnis og reynsluaksturs upp úr miðjum næsta mánuði.



Mont Blanc Farangursbox

Frábær geymslubox fyrir bílinn

Allt fyrir bílinn þinn



Comma Olíuvörur

Mikið úrval af alls konar olíuvörum



Hella Kastarar

Hágæða kastarar sem koma birtunni allri til skila.



Sími 535 9000

www.bilanaust.is

Allt í bílinn á einum stað

verslun og þjónusta
isetninga- og rafeindaverkstæði

Talstöðvar

YAESU

Hliómtæki í bílinn

DVD & skjár

GSM aukahlutir

Notaðu handfrjálisan búnað við stýrið

RSH.is
fjarskipti eru okkar fag

BLAUPUNKT
www.rsh.is

Radíóþjónusta Sígga Harðar
sími 544-5570 rsh@rsh.is

Nýr Rav4 á leiðinni

Samkeppni milli bílaframleiðenda í sölu á jepplingum með sí tengdu aldrifi er mjög hörð og sótt er að Toyota sem verið hefur í forystusveitinni í þessu efni með Rav4 jepplinginn. Toyota er nú að leggja loka-hönd á þriðju kynslóð Rav4 og hyggst halda efsta sætinu á sölulistum Evrópu með nýju gerðinni.



Rav4 kom fyrst fram á bíla-sýningunni í Genf árið 2000. Hann náði strax miklum vinsældum í Evrópu sem styrktust þegar önnur kynslóð bílsins kom fram tveimur árum síðar. Fregnir herma að varfæmislegar breytingar hafi verið gerðar á nýju gerðinni, enda varla ástæða til stórbreytinga á þessum vinsælasta bíl sinnar gerðar. Fleiri gerðir véla verði þó í boði en áður þótt 2ja lítra 150 ha. vélin verði áfram aðal valkosturinn. Innanrími bílsins hefur verið aukið, ekki síst farangursrýmið sem betur á að koma til móts við þarfir fjölskyldna sem eru duglegar að ferðast. Búast má við að bíllinn komi á markað í Evrópu og sömuleiðis hér á landi á haustdögum 2005.

Kínverskur sportbíll:

Geely Chengbao


Þessi sportbíll er al-kínversk hannaður hugmyndabíll sem mikla athygli vakti á bílasýningunni í Shanghai nýlega.

Bíllinn er frá Geely sem nefnist

Chengbao.


Allur vél-, drif- og tæknibúnaður bílsins er hannaður og smíðaður innanhúss hjá fyrirtækinu. Ekkert hefur verið sótt til Japans eða Evrópu í hann.

Geely fyrirtækið er ekki í ríkiseigu eins og flestallar aðrar kínverskar bílaverksmiðjur heldur að langstærstum hluta í eigu eins manns. Geely hefur til þessa aðallega framleidd létt mótórhjól og smábíla sem líkjast mjög Daihatsu Charade.



Kínversk drossía kemur á Þýskalandsmarkað í september:

Zhonghua M1



Zonghua er stór fólksbíll. Hann er hannaður af Giugiaro á Ítalíu. Vélar og drifbúnaður er ættað frá Mitsubishi.

Umtalsverð og ört vaxandi bílaframleiðsla á sér stað í Kína og lnú eru þeir að leita sér fót-festu á bílmarkaði í Evrópu og Bandaríkjunum. Sá bíll sem verður trúlega fyrsti Kínabíllinn sem verður á markaði í flestöllum Evrópulöndum innan næstu 4-6 mánaða heitir Zhonghua M1.

Evrópskir bílaframleiðendur eru að sögn Berlingske Tidende skjálfaði á beinunum yfir þessari innrás, minnugir japönsku bílainnrásarinnar um miðjan sjöunda áratuginn þegar ódýrir bílar en jafnframt traustir og endingargóðir náðu á skömmum



Zonghua M1 er á stærð við BMW 5.

tíma tryggri markaðshlutdeild. Kínverjarnir hafa að sögn blaðsins skodað vel hvernig Japanir og síðan Kóreumenn rúmunum áratug síðar markaðssettu bíla sína í upphafi og vilja óðir og uppvægir endurtaka leikinn.

Núna, eins og á sjöunda áratuginum, ganga manna í milli miklar sögur af kínverskum bílum sem handónýtum hrisgrjónabaukum sem hanga saman á lyginni og bera sig uppi á burðarvirki úr bambusstöngum og gömlum ryðguðum Kínareidhjólum. Tæknin sem þeir eru byggðir á sé úrelt og bílarnir léleg eftirlíking af úreltri hönnun sem muni fljótt koma í ljós þegar hrisgrjónabaukarnir fara að etja kappi við evrópska gæðabíla.

En það stýttist ódum í það gerist og hægt verði að bera saman kínverska bíla við evrópska af viti og sanngirni, því að byrjað verður að selja Zhonghua í

Þýskalandi í september nk. og byrjað er að taka niður pantanir á kínverskum jeppa sem kallast Landwind í Hollandi. Innrásin er hafin.

Zonghua M1 er stór fólksbíll, heilir 4,9 m að lengd. Hann er hannaður hjá ítalska fyrirtækinu Giugiaro sem líka hannar bíla fyrir Lancia, Alfa Romeo o.fl. Tæknin í bílnum er frá Mitsubishi, enda hefur Brilliance verksmiðjan sem smíðar Zhonghua um árabíl framleitt Mitsubishi pallbíla og jeppa fyrir Kínmarkað. Vélararnar í Zhonghua eru 2,0 og 2,4 l V6 vélar sem smíðaðar eru með leyfi frá Mitsubishi. En það skyldi þó ekki vera líka að þeir Brilliance-menn eigi sitthvað í pokahorninu varðandi góða aksturseginnleika því að þeir framleiða BMW 3 og 5 línuna fyrir heimamarkaðinn, Kína. Því skyldu þeir þá ekki líka vera hæfir til að framleiða Zhonghua fyrir Þjóðverja?

Borgarvænir bílar:

Verður loftbíllinn þéttbýlisfarartæki nánustu framtíðar?

Stöðugar hækkningar á bifreiðaldsneyti undanfarna mánuði minna okkur óþyrmilega á hversu hægkerfi okkar er viðkvæmt fyrir hækkunum á olíuverði. En fátt er svo með öllu ílt að ei boði nokkuð gott og hátt olíuverð yfir undir það að menn leiti í fúlustu alvöru nýrra leiða í því gera farartækin sparneytnari á hina dýru dropa og nýrra leiða við að knýja farartækin.

Fyrir nokkrum árum var hér í FÍB blaðinu sagt frá tilraunum Guy Negre, fransks vélaverkfræðings, sem eitt sinn starfaði við það að hanna vélar í Formúlu-kappakstursbíla, við að hanna og prófa bíl með vél sem knúin er þrýstilofti.

Nú virðist sem hinum franska verkfræðingi hafi tekist að þróa vélinu og bílinn þannig að hann sé nothæfur og að framleiðsla sé að hefjast á bílknúnum þrýstiloftsvél sem vinnur einfaldlega þannig að í stað eldsneytistanks er í bílnum loft-tankur sem pumpað er í úti á bensinstöð með dekkjaloftslöngunni. Þrýstiloftið í geyminum knýr síðan bílinn áfram. Segja má því að þetta sé nokkurskonar rafmagnsbíll, því að rafknúin loftþjappa safnar þrýstiloftinu saman í stóran geymi og þar geta svo loftbílaeigendur rennt við og pumpað í bíla sína.



Þegar þetta tölublað FÍB blaðsins fór í prentun voru tveir Íslendingar, Þeir Valdimar K.Jónsson verkfræðiprófessor og Ásgeir Leifsson tæknifræðingur á leið til S. Frakklands til fundar við Guy Negre til að kynna loftbíl hans af eigin raun. Þeir hafa um nokkra hríð verið í sambandi við Negre og samstarfsmenn hans og kynnt sér hvað liggur að baki hugmyndum hans. Sagt verður frá ferðinni í næsta tölublaði FÍB blaðsins.



Finnbjörn Finnbjörnsson og ferðafélaginn.

Hjá TM er nóg að tryggja bílinn til að fá TM-Öryggi – einfalt!

Það er nóg að hafa skyldu- og kaskótryggingu á bílnum til að njóta afsláttar TM-Öryggis. Þegar unga fólkid eignast íbúð og fjölskyldu er hægt að bæta inn í TM-Öryggi þeim tryggingum sem þarf, allt eftir hentugleika.

Gerðu þér greiða – kynntu þér bílatryggingar TM.





Skyldu mennirnir komast á þessum gamla Fiat til Peking?

Tveir Ítalir á ævintýraferð:

Á gömlum Fiat 500 frá Torino til Peking

Þann 19. apríl sl. lögðu tveir ungir Ítalir upp í langferð á gömlum Fiat 500 árgærd 1973. Ferðin hófst við höfuðstöðvar Fiat í Torino á N-Ítalíu en áfangastaðurinn er Beijing, höfuðborg Kína. Tílefnið er að borgirnir hafa verið útnefndar til að halda næstu ólympíuleika.

Ferðamennirnir heita Danilo Elia, 32 ára og Fabrizio Bonserio, 33 ára. Danilo er mikill ferðamaður og hefur m.a. hjólað um Noreg þveran og endilangan, hjólað á fjallahjólum þvert yfir hálandi Íslands, ekið um Nepal á mótörhjólum og um Tíbet á jeppa.

Gamli Fiatinn sem á að bera þá félagana þessa 20 þúsund kílómetra milli ólympíuborganna tveggja var keyptur sérstaklega til þessarar ferðar. Búið er að yfirfara hann rækilega hjá Fiat og endurnýja slitna og bilaða hluti í honum með upprunalegum Fiat varahlutum.



Þýskur bílahönnuður telur að einhvernvegin svona muni nýji VW Touareg páfabíllinn líta út.

Nýr páfi á nýjan bíl:

Fær nýi páfinn VW Touareg?

Hinn nýláttni páfi Jóhannes Páll II ók nú síðast á Mercedes Benz. Benzinn var byggður sem ein-skona pallbíll og sat páfi aftur á pallinum í háseti, umlukinn skotheldu gleri í bak og fyrir.

Nú hefur Volkswagen boðist til þess að smíða nýjan bíl handa nýjum páfa og ljaf því að bíllinn verði tilbúinn þegar Benedikt páfi heimsækir heimsmót kaþólskra ungmenna sem haldið verður í Köln í Þýskalandi 16.-21. ágúst í sumar.

75 ára saga hönnunar og sérsmíði á bílum:

Pininfarina-formfegurð-vöruvöndun

Ítalska bílahönnunar og -smíðafyrirtækið Pininfarina er 75 ára gamalt um þessar mundir. Pininfarina fyrirtækið eða Carozzeria Pinin Farina var stofnað árið 1930 og hefur síðan hannað, smíðað og endursmíðað bíla. Ótrúlega margir smíðisgripir Pininfarina hafa markað tímamót í hönnun bíla og hönnunar í það heila tekið.

Stofnandi Pininfarina hét Battista Farina en hafði viðurnefnið Pinin, sem þýðir hinn smáaxni. Hann fæddist 1893 og byrjaði strax 11 ára gamall að snúast á vélverkstæði eldri bróður síns. Rúmlega tvítugur á árum fyrri heimsstyrjaldarinnar hannaði hann m.a. æfingaflugvél fyrir ítalska flugherinn. Árið 1920 hélt Battista Farina til Bandaríkjanna og kynntist þar Henry Ford og starfaði hjá honum um tíma. Upp úr þeim kynnum stofnaði hann svo fyrirtæki sitt eftir að heim til Ítalíu var komið.

Handverk - færíband

Í fyrstunni fólust meginverkefni fyrirtækisins í því að handsmíða yfirbyggingar á bíla en starfsemin vatt upp á sig. Með vaxandi eftirspurn breyttist fyrirtækið fljótlega úr bílasmíðaverkstæði í litla bílaverksmiðju sem framleiddi 7-8 bíla á dag undir eigin vörumerki. Ýmsir bílframleiðendur tóku þegar á millistríðsárunum að sækjast eftir því að Pininfarina



Pininfarina hefur hannað fjölda ítalskra bílagæða, þar af margar fyrir Ferrari. Þessi Ferrari er einn þeirra.



Þetta er einn af lífseigari sportbílum sögunnar, Alfa Romeo Guiletta Spider. Hann kom fyrst fram 1955 og hefur lítið breyst síðan í útliti.



Þennan opna Lancia-bíl smíðaði Pininfarina fyrir einræðisherrann og fasistann Benito Mussolini.



Birdcage, eða fuglabúrið er ný hönnunarstúdíó sem Pininfarina setti saman nýlega í tilefni af 75 ára afmæli fyrirtækisins. Tæknin er m.a. sótt til Maserati og Motorola. Bíllinn er enn að minnsta kosti einungis til í örfáum eintökum. Segja má að með hönnun hans sé farið inn í tíðaranda sjöunda og áttunda áratugarins þegar sköpunargleðinni voru lítil takmörk sett. Menn hönnuðu allskonar furðubíla en út úr þeim suðupotti komu svo raunverulegir bílar sem enn skara fram úr fyrir fegurð og notagildi.



Pininfarina hefur hannað og er að byrja framleiðslu á opinni útgáfu hins nýja Mitsubishi Colt. Hér er teikning af bílnum eins og hann mun líta út.



Lancia Astura 1936. Hann var sýndur sem listmunur á sýningu nýlistasafnsins í New York sama ár.

leggði lokahönd á ýmsar sérútgáfur bíla sinna. Meðal þeirra voru General Motors og Renault.

Sú starfsemi jókst eftir stríð ekki síst eftir að bíllinn Cistalia sem Farina hannaði og smíðaði árið 1947 var sýndur í nýlistasafni New Yorkborgar, Museum of Modern Art, sama ár. Upp úr 1950 hannaði og smíðaði Farina sérgerðir fjölmargra bíla, t.d. fyrir Nash Motors í Detroit. Samstarfið við Nash markaði tímamót að því leyti að það var í fyrsta sinn sem bandarískur bílframleiðandi leitaði eftir samstarfi við Evrópumenn um hönnun og framleiðslu á bíl og að hönnuðar bílsins væri sérstaklega getið. Við þetta hvortveggja varð nafn Farina heimsþekkt.

Fjöldaframleiðsla fyrir aðra

Í framhaldinu stórkjóst vilji bílframleiðenda og fjárfesta eftir samvinnu við Farina og fyrirtækið færði út kvíarna m.a. með því að reisa árið 1958 fullkomna 75 þúsund fermetra bílaverksmiðju. Þar með gat Farina byrjað fyrir alvöru að fjöldaframleiða sérgerðir ýmissa bílategunda og það hefur fyrirtækið gert æ síðan.



Þennan bíl hannaði Pininfarina fyrir bílafyrirtæki sem hét Cistalia. Fyrirtækið var stofnað 1946 og smíðaði sportbíla og kappakstursbíla. Þessi bíll kom fyrst fram árið 1947 og var byggður á vél- og tæknibúnaði frá Fiat. Upphaflega hönnunarfærsla Pininfarina á þessum bíl var með vængi á afturbrettinum eins og sést á svarthvítu myndinni.



Þennan bíl hefur Pininfarina hannað fyrir kínverska bílaverksmiðju sem heitir AVCHINA. Bíllinn heitir Saibao og var sýndur á bílasýningunni í Shanghai fyrir í vor.

Ættarnafni Battista Farina var breytt í Pininfarina árið 1961 með sérstakri heimild og tilskipun forseta Ítalíu. Þar með breyttist nafn fyrirtækisins á sama hátt. Þetta sama ár lét Battista gamli af stjórn fyrirtækisins og fól hana í hendur Sergio syni sínum og Renzo Carli, tengdasyni sínum. Battista lést í apríl 1966.

Pininfarina fyrirtækið er í dag samsett af tugum fyrirtækjaeininga sem hanna og smíða sérgerðir fjölmargra bílategunda. Árleg bílframleiðsla er um 45 þúsund bílar. Meðal þeirra eru Pajero Pinin, Ford StreetKa og Saab blæjubíllinn.

Hörkutól á vægu verði

Mitsubishi Pajero GLX 3,2 dísil sjálfskiptur

4.490.000 kr.



Pajero GLX

Öflug 3.2 lítra DI-D dísilvél. Sjálfskipting og ríkulegur staðalbúnaður.

Eðlavagninn og hörkutólið Mitsubishi Pajero fæst nú á frábæru verði. Það hefur aldrei verið jafn auðvelt að eignast fullbúinn jeppa sem uppfyllir allt sem þú sækist eftir: aksturseiginleika, þægindi, rými og kraft sem skilar þér þangað sem þú ætlar þér.

Komdu og upplifðu!

MITSUBISHI PAJERO

DRIVE ALIVE



Sænsk olíufé- lög dæmd fyrir markaðssamráð

- þeim til skammar
hvernig þau hafa sviðið
viðskiptavini sína

- segir upplýsingafulltrúi
systurfélags FÍB í Svíþjóð

Verðsamráð olíufélaganna se-
inni hluta ársins 1999 hindraði
alla samkeppni. Félögin nýttu
sér markaðsráðandi stöðu sína
til samráðs um verð og skiptu
með sér markaðinum og ein-
stökum viðskiptaaðilum og
ákváðu sín í milli afsláttarkjör
til viðskiptavina sinna. Þetta
segir í dómi sænsks sam-
keppnisdómstóls sem nýverið
dæmdi þarlend olíufélög í
háar sektir fyrir ólöglegt sam-
ráð og sviksamlegt samsæri
gegn neytendum.

-Ad samkeppnisaðilar skuli
hittast á leynifundum til að
ráða ráðum sínum um verð
og afslætti er eins gróf brot
gegn samkeppni og hugsast
getur. Það er sannarlega ekki
ofsagt að málið er í heild sinni
fullkomin hneisa og varpar
skugga skammar og svívrðu
yfir bílaeldsneytissöluverðum í
heild. Dómurinn yfir félögum
um er sigur fyrir sænska neyt-
endur og fyrir Motormännens
Riksförbund (systursamtök
FÍB í Svíþjóð) sem síðan á
10 áratuginum hefur unnið
einbeitt að því að efla sam-
keppni í sölu bifreiðaelds-
neytis í Svíþjóð, segir Tomas
Nilson, upplýsingafulltrúi
Motormännens Riksförbund.

Pungaskatturinn af frá 1. júlí:

Dísilolían dýrari en bensínið

Pungaskattskerfið fyrir dísilbíla
verður úr sögunni frá 1. júlí nk.
Í stað þess verður lagt olíugjald á
dísilolíuna á sama hátt og bensín-
gjald er lagt á bensínið.

Kerfisbreytingin er vissulega
fagnaðarefni en vonbrigðum veld-
ur hins vegar að miðað við núver-
andi forsendur verður dísilolían
dýrari en bensínið. Það er ekki í
samræmi við það sem upp var
lagt með - að hafa olíuna ódýrari
en bensínið í því skyni að hvetja
almennig til að fá sér fremur dís-
ilbíla en bensínbíla vegna þess að
þeir fyrrnefndu eru sparneytnari.
Fjölgun dísilbíla á kostnað bens-
ínbíllanna er æskileg að mati FÍB.
Hún myndi lækka olíureikning
samfélagsins og draga úr útblást-
ursmengun bilaflorens.

Dísilbílur eru nú um helming-
ur nýrra bíla í Evrópu og í sum-
um löndum álfunnar eru þeir enn
stærri hluti. Sérstaklega á þetta
við í löndum þar sem stjórnmöld
hafa markvisst ýtt undir kaup
almennings á dísilfólksbílum um-
fram bensínkúna vegna þess að
þeir eru sparneytnari. Þetta eru
lönd eins og Holland, Þýskaland,
Frakkland, Belgía, Luxembourg
og Finnland. Í þessum löndum
er dísilolían verulega ódýrari en
bensínið. Munurinn er á bilinu
5-10 krónur.

Olían ódýrari víðast hvar

Í allmörgum Evrópulöndum
er verðið á olíunni svipað og á
bensíni en í örfáum er olían dýr-
ari og af þeim sker Sviss sig úr.
Þar kostar olían um átta krónum



Það veldur vonbrigðum að dísilolían eigi að verða dýrari en bensínið. Ástæðan er tilfærsla frá kílómetragjaldi á þungaflutningabíla yfir á olíu- og bensíngjald.

meir en bensínið. Nú stefnir í að
Ísland verði í flokki með Sviss
hvað þetta varðar.

Bensíngjaldið og hið nýja olíu-
gjald er afnotagjald sem menn
greiða fyrir að nota vegina. Því
stærri og þyngri sem bílar eru, því
eyðslufrekari eru þeir. Fyrrnefnd
gjöld leggjast því þyngra á eig-
endur stórra og eyðslufrekra bíla
og eru því á sinn hátt hvati til að
aka frekar á sparneytnari bílum.
Gamla þungaskattskefið var það
alls ekki, þvert á móti.

Miðað við þær forsendur sem
nú eru uppi um upphæð olíu-
gjaldsins þá verður verð dísilolíu-
lítrans um fjórum krónum hærra
en á bensíninu frá 1. júlí. Frá þeim
degi verður ekki lengur innheimt-
ur þungaskattur af dísilbílum sem
er undir 10 tonnum að þyngd.
Kílómetragjald verður hins vegar
lagt áfram á þungaflutningabíla
en það lækkar nokkuð frá því
sem nú er lagt á þá.

Pungaflutningar niðurgreiddir

Frangnað kílómetragjalds áfram
á þungaflutningabíla er sú að
þungaflutningabíllarnir slíta veg-
unum margfalt á við léttari bíla.
Verkfræðingar nota ákveðna reikn-
iformúlu til að meta vegslit af völd-
um bíla. Samkvæmt henni þá slítur
fullhlaðinn þungaflutningabíll veg-
inum í einni ferð á við 30-50 þús-
und venjulega fólksbíla. Samkvæmt
þessari formúlu má það því vera
ljóst að þungaflutningabíllar greiða
ekki fyrir nema brot af því slitu sem
þeir valda á vegunum. En þar sem
vegum þarf að halda við, eru að-
rir rukkaðir um kostnaðinn sem
þungaflutningabíllarnir valda - það
er að segja eigendur fólksbíllanna.
Runólfur Ólafsson framkvæmd-
astjóri FÍB var spurður um þetta
atriði í fréttum nýlega. Hann sagði
sjálfa kerfisbreytinguna jákvæða en
olíugjaldið verði of hátt eftir breyt-
ingu. Það endurspeglar ójafnræði á
milli þungra bíla og fólksbíla, hin-
um þungu í vil. Eigendur fólksbíla
eigi sem fyrr að bera hlutfallslega
alltof mikinn hluta af þeim álagum
sem lagðar eru á eigendur bifreiða
í heild.

Landvernd hlynnt


Stjórn Landverndar telur skyn-
samlegt að út frá sjónarmiðum
umhverfisverndar að hverfa frá
þungaskattsfyrrikomulaginu og
taka upp olíugjald á minni bíla
og miða þannig gjaldtöku af bíl-
aeldsneyti í meira mæli við elds-
neytisnotkun. Stjórnin telur að
gjöld á ökutæki og eldsneyti fyrir
ökutæki eigi að hvetja til notkun-
ar á samgöngutækjum sem valda
sem minnstu álagi á umhverfið.
Jafnframt eigi gjöldin að endur-
spegla raunverulegan kostnað
við notkun eldsneytis og áhrif
brennslu þess á umhverfið.

Atlantsolía og samráðsúrskurður koma neytendum til góða: Álagning olíufélaganna af bensíni lækkar

FÍB vinnur nú að úttekt á mismun kostnaðar-
verðs og útsöluverðs á 95 oktan bensíni til
neytenda hér á landi. Fyrstu niðurstöður benda
til þess að neytendur séu að njóta lægra bens-
ínverðs vegna aukinnar samkeppni með til-
komu Atlantsolíu og áhrifa samráðsúrskurðar
Samkeppnisstofnunar frá liðnu hausti.

Meðfylgjandi súlurit sýnir þróunina frá janú-
ar 2003 og út mars 2005. Súlurnar sýna mismun
á kostnaðarverði benínlítra og útsöluverði frá
dælu (ekki uppreiknað). Hærra súlan er álag á
útsöluverð með þjónustu hjá Esso, Olís og Shell
en sú lægri er álag á útsöluverð á sjálfsafgreiðslu-
stöð án þjónustu. Um er að ræða meðaltalstölur
fyrir hvern mánuð að teknu tilliti til gengis.

Sérstaka athygli vekur mikil lækkun álag-
ningar af bensínverði án þjónustu. Með innkomu



Atlantsolíu inn á markaðinn hefur afsláttur vegna
sjálfsafgreiðslu aukist verulega. Á sama tíma hafa
mun fleiri bíleigendur tileinkað sér að dæla sjálfir
enda ávinningurinn töluverður. Miðað við breytt
neyslumynstur frá þjónustu til sjálfsafgreiðslu og
að teknu tilliti til verðbólgu þá munar verulega
um minni álagningu fyrir neytendur.

Eitt mikilvægasta verkefni sem FÍB hefur ráðist í er að hefjast:

EuroRAP – Öryggismat á íslenska vegakerfinu



Þetta er bíllinn sem notaður verður í vegamat EuroRAP á Íslandi – Mercedes Benz A-150.

FÍB er um þessar mundir að ráðast í eitt stærsta verkefni félagsins til þessa – EuroRAP. EuroRAP er samvinnuverkefni bifreiðaeigendafélaganna í Evrópu og heildarsamtaka þeirra; FIA. Megintilgangur með verkefninu er sá að draga úr umferðarslysum. Ólafur Kr. Guðmundsson sem á sæti í stjórn FÍB hefur unnið að því að hrinda þessu verkefni úr vör hér á landi og mun hann stýra framkvæmd þess. FÍB blaðið ræddi við Ólaf um EuroRAP og hann var fyrst spurður hvað þetta EuroRAP eiginlega væri.

Hvað er EuroRAP?

EuroRAP er í sem stystu máli tvær staðlaðar megináferðir til að meta vegi.

Sú fyrri er einkum fólgin í því að skrá svokallaða svarta bletti í vegakerfinu – staði þar sem slysum eru algeng eða eru líkleg vegna aðstæðna.

Sú síðari er fólgin í því að fara um vegina og gera á þeim úttekkt eftir sérstöku stöðluðu kerfi. Vegirnir eru metnir sjónrænt í samræmi við staðlaða handbók. Niðurstöður skodunarmanna eru svo jafnharðan færðar inn í sérstakan hugbúnað/tölvu í bílnum.

„NCAP er kerfi til að meta öryggi vega með tillit til óhappa – með tilliti til þess hvað það er við veginn sjálfan eða umhverfi hans sem líklegt er til að kveikja atburðarás sem endar með óhappi eða slysi þar sem fólk meiðist eða lætur lífið,“ sagði Ólafur. EuroRAP er nokkurskonar systurverkefni EuroNCAP sem margir þekkja og vita að hefur leitt til þess að bílar eru nú miklu traustari og verja fólk miklu betur gegn áföllum í óhappatilvikum en bílar almennt gerðu áður. „Euroncap hefur skilað 40% öryggari bílum frá 1997 er verkefnið hófst og byrjað var undir þess merkjum að áreksstursprófa bíla og stjórnumerkja þá eftir því hversu góða vörn þeir veita fólki. Þegar verkefnið hófst árið 1997 náðu mjög fáir bílar fjór- um stjörnum, hvað þá fimm. En nú átta árum síðar fær varla nokkur nýr bíll minna en 4 til 5 stjörnur. EuroNCAP hefur því sannarlega skilað miklum árangri. Færri slasast alvarlega og deyja nú vegna þess að bílarnir verja fólk betur en bílar gerðu áður,“ segir Ólafur.

Ekki bara ökumaðurinn

Allt forvarnastarf gegn slysum hefur lengstum beinst að öku- mannum og hvernig hann hagar sér í umferðinni. En að baki EuroNCAP og nú EuroRAP liggur víðtækari hugsun – hún er sú að umferðin og hreyfan-

leikinn er ekki bara ábyrgðar- þáttur ökumannsins eins, heldur eru bæði bíllinn og vegurinn veigamiklir þættir. Til að draga úr slysum þurfa allir þessir þrír þættir að vera sem best sam- hæfðir, það er að segja öku- maðurinn, bíllinn og vegurinn. Þessvegna er það nú tímabært að beina athyglinni að vegunum og því sem þar má betur fara. Það er orðið tímabært að skoða vegina með sömu gleraugunum og bílarnir hafa verið skoðaðir með undir merkjum EuroNCAP með góðum árangri. Það er kominn tími til þess vegna þess að við viljum ekki lengur horfa upp á það lengur að fólk slasist og deyi í umferðinni vegna at- ríða sem koma hefði mátt í veg fyrir.

Ófullkomleiki mannlíkamans

Mannlíkaminn þolir ekki vel högg og við vitum nú að hraði

yfir 30 km á klst. getur verið lífs- hættulegur. Þessvegna er 30 km hámarkshraði settur í íbúðar- hverfum og í grennd við skóla og það hefur vissulega borið árangur. Fyrir áhrif frá starfi Euroncap eru nýir bílar í dag mjög sterkir og öruggir. Þeir verja meira að segja fólk sem verður fyrir þeim betur en bílar gerðu áður, þeir eru búnir öryggisbúnaði eins og beltum og loftþúðum sem verja líf og limi fólksins í þeim upp að 70 km hraða. En vegna ófullkom- leika mannlíkamans sjálfs er talið nánast útilokað að smíða bíla til daglegra nota sem varið geta líf og limi fólksins í þeim á meiri hraða en 70 km/klst. Þar verður vegur- inn sjálfur og umhverfi vegarins að koma til skjalanna og verja gegn meiðslum. EuroRAP verk- efnið snýst einmitt um það að lesa veginn og umhverfi hans og stjórnumerkja með tilliti til öryggis. Vegum er sem sagt gefnar stjörnur svipað og bílum í EuroNCAP

FRAMHALD Í NÆSTU OPNU



EuroRAP hefur borið mikinn árangur í Bretlandi. Búið er að meta flesta fjölfarna vegi og stjórnumerkja þá. Lagfæringar hafa verið gerðar mjög víða og „svörtum vegum“ eða hættulegum slysaköflum hefur stórfækkað í kjölfarið. Aðstæður þar eru víða áþekkar íslenskum aðstæðum.



Þessi vegarspotti var „svartblettur.“ Eftir EuroRAP úttekt var merkingum breytt á þann veg að hættur framundan eru skýrðar á undirskiltum. Fremra skiltið varar við þrenginu og útskýringin segir að hætta sé á að mæta bílum á miðjum veginum. Aftara undirskiltið segir að engin gangstétt sé meðfram veginum framundan.

og markmiðið er: Öruggir bílar á öruggum vegum.“

Mesta heilbrigðisvæðing

Að sögn Ólafs er aðdraganda að þátttöku FÍB í EuroRAP verkefninu að rekja til ársins 2004. Sameinuðu þjóðirnar og Alþjóða heilbrigðisstofnunin helguðu árið baráttu gegn einni mestu heilbrigðisvá okkar tíma – umferðarslysum og var alþjóð-

legi heilbrigðisdagurinn notaður til að vekja athygli heimsins á vandanum og afleiðingum hans. Frumkvæðið að þessu kom frá Gro Harlem Brundtland þáverandi framkvæmdastjóra WHO og Max Mosley forseta FIA.

Í tengslum við þetta skoðaði FÍB hvernig félagið gæti komið að málinu hér á landi og hvað gera mætti til að ná sem mestum árangri í því að fækka slysum.

Alþjóðasamtök bifreiðaeigendafélaga AIT og FIA sem síðan hafa sameinast undir merkjum FIA höfðu þá þegar farið af stað með EuroRAP verkefnið (árið 2000) og höfðu á annan tug bifreiðaeigendafélaga þegar gengið til liðs við það.

FÍB í EuroRAP

Í júnímánuði það sama ár héldu þeir Árni Sigfússon formaður FÍB og Ólafur Kr. Guðmundsson stjórnarmaður í FÍB til London til fundar við forráðamenn EuroRAP. Eftir þann fund sótti FÍB um aðild að verkefninu sem reyndist auðsött. Umsóknin var svo afgreidd formlega á aðalfundi EuroRAP á Rimini á Ítalíu í nóvember 2004. Um svipað leyti tilkynntu fulltrúar FÍB á Umferðarþingi Íslands fyrirætlunar félagsins að ráðast í verkefnið hér á landi. Max Mosley forseti FIA og einn helsti frumkvöðull bæði EuroNCAP og EuroRAP sat þingið sem gestur FÍB og skýrði þingheimi frá tilurð þess og tilgangi og hét á stjórnvöld að styðja verkefnið hér á landi.

Í dag eiga 22 bifreiðaeigendafélög aðild að EuroRAP. Auk FÍB má þar nefna ADAC í Þýskalandi, AA í Bretlandi, félögin



Hér liggur hraðbraut inn í þéttbýli og ökumenn verða að hægja á sér. Hraðabreytingin er nauðsynleg og til að undirstrika það eru skiltin sett á áberandi sterkgulan ferhyrndan bakgrunn.

í Frakklandi, Hollandi, Finnlandi, Noregi o.fl. EuroRAP hefur skil að mjög miklum árangri frá því það byrjaði árið 2000. Þar ber ef til vill hæst árangur Frakka, sem hefur tekist með samstilltu átaki og samvinnu stjórnvalda, opinberra aðila og systurfélags FÍB og EuroRAP að fækka gríðarlega mikið alvarlegum umferðarslysum. Árangurinn er sömuleiðis mikill í Bretlandi þar sem mjög slysaeknum vegarköflum hefur verið markvisst fækkað með því að lagfæra þá í samræmi við niðurstöður EuroRAP. Sömu sögu er að segja frá Svíþjóð en í heild hefur árangurinn vakið heimsathygli og nú er byrjað að meta vegi í öðrum heimsálfum á sama hátt, t.d. í Bandaríkjunum undir heitinu USA-RAP og í Ástralíu undir heitinu Aus-RAP.

Samvinna og velvilji

Ólafur segir að til að verkefnið beri sem mestan og bestan árangur sé mikilvægt að samvinna verði sem best við alla sem að því koma, hvort heldur sem er með beinum eða óbeinum hætti. Hann tekur sérstaklega fram að allir sem rætt hefur verið við um samstarf og stuðning við verkefnið hafa reynt mjög jákvæðir og samstarfsfúsir enda eru það sameiginlegir hagsmunir allra að verkefnið verði sem árangursríkast, að slysum fækki sem allra mest og málið verði á þann hátt öllum til gagns og blessunar. Þannig lýsti Sturla Böðvarsson samgönguráðherra því yfir í fyrirspurnatíma á alþingi nýlega að FÍB nyti fulls stuðnings hans í þessu verkefni. Ráðherra sagði þetta:

„Virðulegi forseti. Ég vil þakka háttvirtum þingmanni (Guðlaugi

Hedd

sem standast þínar kröfur

Við bjóðum upp á vélavara hluti í flestar dísel- og bensínvélar frá viðurkenndum framleiðendum.

Stimplar

Varahlutaverslunin Kistufell hefur sérhæft sig í sölu vélavara hluta í meira en 50 ár.

- Fólksbílar
- Trukkar
- Mótórhjól
- Vinnuvélar
- Jeppar
- Traktorar
- Bátar

Brautarholti 16
Sími: 562 2104

IS-125 Reykjavík
Fax: 562 2118

www.kistufell.is
kistufell@kistufell.is

52. GLEÐ OG ÞJÓNUSTA FRÁ 1952 BRAUTARHOLTI 16



Steve Lawson tæknistjóri EuroRAP, Ólafur Kr. Guðmundsson FÍB og John Dawson formaður EuroRAP.

Þór Þórðarsyni – innsk blm.) fyrir þær ábendingar sem fram komu í hans fyrirspurn og vekur auðvitað rækilega athygli á því hversu mikilvægt það er fyrir okkur að fá alla aðila saman að einu borði til að vinna að þessum umferðaröryggismálum og FÍB hefur svo sannarlega lagt sitt fram í þeim efnum.“

Umræður um umferðaröryggismálin eru nauðsynlegar og ég vil ítreka og undirstrika það sem ég sagði fyrr að ég bind miklar vonir bæði við þetta Eurorapp-verkefni og það er samstarf við alla aðila og ekki síður það starf sem er á vegum rannsóknarnefndar umferðarslysa og á að fara fram í framtíðinni og verður að sjálf-sögðu liður í því að auðvelda Vegagerðinni og Umferðarstofu það mikilvæga verkefni að auka umferðaröryggi á þjóðvegum landsins ekki síður en á gatna-kerfi þéttbýlisins.“

Góður stuðningur

Ólafur hefur verið í miklu og stöðugu sambandi við forsvarsmenn EuroRAP, einkum John Dawson formann og Steve Lawson tæknistjóra sem veita FÍB fyllsta stuðning í öllu tilliti við að hrinda verkefninu úr vör. Tækni- og tölvubúnaður í bílinn sem notaður verður í vegaaathuganirnar kemur að stórum hluta frá ADAC í Þýskalandi en hugbúnaðurinn sem vinnur úr þeim gögnum sem safnað verður, mun koma frá Svíþjóð þar sem hann er búinn til.

ADAC í Þýskalandi hefur notað Mercedes Benz A við sjálfar mælingarnar og mæltu menn þar sérstaklega með þeim við FÍB vegna þess að þeir væru af heppilegri ytri stærð en þó rúm-góðir að innan. Athugunarmenn sitja hátt og hafa góða útsýn fram á við og til hliðanna. Af þessum ástæðum ekki síst var haft sambandi við Jón Trausta Ólafsson framkvæmdastjóra Öskju, umbæsaðila Mercedes Benz á Íslandi. Niðurstaðan varð sú að Askja, Lýsing, Landflutningar-Samskip, Esso, VÍS, og Goodyear á Íslandi sameinast um að kaupa Mercedes Benz A-150 bíl til verkefnisins. Bíllinn er þegar kominn í hendur FÍB og verið er að sérmerkja hann og koma tæknibúnaði fyrir í honum.

Fyrstu úttektirnar hefjast svo á næstu dögum og mun fyrsta lotan standa fram á haustið en þá verða fyrstu niðurstöður birtar.

Fyrstu niðurstöður í haust

Ætlunin í sumar er að gera aathuganir á helstu vegum í kringum höfuðborgarsvæðið í um 50 km radíus í kringum það, enda er um að ræða langsamlega umferðarþyngstu vegi á landinu þar sem um 70% allra alvarlegra slysa eiga sér stað.

Vegirnir sem hér um ræðir eru m.a. Suðurlandsvegur austur á Selfoss, Vesturlandsvegur í Borgarfjörðinn, Reykjanesbraut. Á næstu þremur árum er áætlunin sú að ljúka athugunum á hringvegjunum umhverfis landið og á helstu ferðamannavegum á Suðurlandi og á Eyjafjarðarsvæðinu.



Þar sem vegir skerast þvert hvor á annan verða alvarlegustu árekstrarnir, hvort heldur sem umferðin er ljósstýrð eða annar vegurinn hefur forgang á hinn. Hringtorg draga stórlega úr hættu á vegamótum eins og sýnt hefur sig hér á landi, t.d. á Þjóðvegi 1 við Rauðavatn og við Hveragerði.

Öryggi við aksturinn

Handfrjáls búnaður fyrir farsíma

Icon Auglýsingahúsið - www.icon.is

NOKIA
Connecting People

H
Hátækni

Ármúla 26 - 108 Reykjavík - Sími 522 3000 - Fax 522 3001 - www.hataekni.is - hataekni@hataekni.is



*nýr Suzuki Swift
– hannaður út frá óskum
Evrópumanna og af
Evrópumönnum*

Þessi mun spjara sig

Hinn nýi Suzuki Swift hefur alla burði til að spjara sig vel í samkeppninni hér. Hann hefur marga góða kosti sem eiga eftir að falla mörgum vel. Gamli Swiftinn var talsvert vinsæll bíll og þótti ágætur smábíll, öruggur í rekstri og lítið gjarn á að bíla og þökkalegur í daglegri notkun. En þessi nýi Swift stendur þeim gamla framar í flestu. Hann er miklu hljóðlátari í akstri, betur búinn og þægilegri. Þetta er einfaldlega mjög eigulegur bíll sem kannski er ekki að furða, því að bíllinn er nýhönnun frá grunni og hönnunin miðuð við smekk og óskir Evrópumanna, gerð af Evrópumönnum. Í flokki

smábíla er vissulega enginn hörngull á keppinautum og þeir bílar sem væntanlegir kaupendur munu efalaust bera hann saman við eru t.d. Peugeot 206, Skoda Fabia, Hyundai Getz og Toyota Yaris og allir hafa þeir til síns ágætis nokkuð og nýi Swiftinn kemur sterkur inn í hópinn.

Hljóðlátur

FÍB blaðið reynsluók bílnum á dögnum í S. Frakklandi. Reynslubílarirnir voru með 1,5 l bensínvél og 1,3 l túrbínudísilvél.

Munurinn á þessum tveimur vélum í akstri var vissulega finnanlegur, en furðu lítil þótt merkleigt kunni að virðast. Dísilvél, sem

ættuð er frá Fiat (sem hannar sennilega einar bestu dísilvélar í fólksbíla sem völ er á), var edlilega ekki eins viðbragðsfljót úr kyrrstöðu í hundraðið og bensínvél, en vann og togadi ekkert síður í framúrakstri og almennum þjófvegaakstri – bráðskemmtileg, hljóðlát og „fáranlega“ sparneytin.

Hvað varðar sjálfan aksturinn í hinum nýja Suzuki Swift þá er hann afar notalegur. Tæknimaður frá Suzuki sagði okkur að mikið hefði verið lagt upp úr því að hljóðeinangra bíllinn sem best, ekki síst vegna þess að gamla gerðin þótti nokkuð hávær í akstri. Í ljós kom

að maðurinn sagði satt, hljóðeinangrunin hefur lukkast vel, Swiftinn sigldi mjög hljóðlega eftir frönsku hraðbrautunum og sveitavegunum. Það virðist nefnilega vera talsvert meira mál að hljóðeinangra litla bíla sómasamlega heldur en stóra, í það minnsta eru hljóðlátari smábílar og lausir við mikinn hjóla- og veggny frekar sjaldgæfir. Swiftinn er miklu líkari mun stærri og dýrari bílum að þessu leyti en flestir af hans stærð.

„Stinningsmjúk“ fjöðrun

Hinn nýi undirvagn og yfirbygging Suzuki Swift gera sitt til þess að ljá bílnum örugga ak-



Smekklegt mælaborð og vandaðar innréttingar. Mælur eru læsilegir og stjórnæki öll við hendina.



Farangursrýmið er að sönnu ekki stórt, en auðvelt er að fella niður aftursætið í tvennu lagi og skapa með því aukið flutningsrými.



Swiftinn nýi er dálítið sviplíkur BMW Mini. Smekklegt útlit óneitanlega.

sturseiginleika. Undirvagninn er mjög stinnur þannig að í akstri er bíllinn ekkert að vinda upp á sig og liðast til. Stýrið er nákvæmt og rásfast og fjöðrunin virkar eins og hún á að gera – er stinn þannig að bíllinn er stöðugur á vegi. Allt er þetta eins og það á að vera og akstur-seiginleikarnir eru öruggir og góðir. Bíllinn virkar á mann sem traustur, viðráðanlegur og öruggur og þannig á það að vera.

Hið gagnstæða er nefnilega sérlega fráhrindandi – þegar bílar virka á mann í akstri á mis sléttum vegum eins og þeir séu að liðast í sundur og fjöðrunin eins og hún sé grautlin, t.d. í beygjum, þegar hún ætti að virka stinn, en hörð þegar hún ætti að virka mjúk, t.d. í holum og yfir hraðahindranir. Bílar sem þannig láta eru hræðilegir akstursbílar en þeir eru því miður nokkrir til.

Í reynsluakstursbílunum tveimur sem við ókum var sinn hvor girkassinn sem hentaði hvor sinni vélargerðinni vel. Girkassinn í bensínbílunum var svona dæmigerður Suzuki girkassi þar sem afturábakgirinn er lengst til hægri og aftur, en á dísilbílunum var afturábakgirinn lengst til vinstri og fram. Aðeins var finnanlegur munur á ná-



Hinn nýi Suzuki Swift er miðaður við smekk og þarfir Evrópumanna og hannaður í Evrópu. Þetta er góður akstursbíl og óvenju hljóðlátur miðað við smábíla.

kvæmni og lipurleika við skiptingar milli gíra og ekki erum við alveg frá því að kassinn í dísilbílunum hafi verið skemmtilegri í skiptingum.

Innrétting - öryggi

Sæti og allar innréttingar eru vandaðar og smekklegar og framsætin raunar ekkert síðri en í ýmsum miklu stærri og dýrari evrópskum bílum. Undir stýri eru öll stjórnæki við hendina á réttan og fyrirsjáanlegan hátt og

mælar eru auðlæsilegir í björtu sem dimmu.

Suzuki Swift er 3,70 m að lengd. Hann er því litlu styttri en t.d. Skoda Fabia og Peugeot 205, sem kemur fram í fótarymi í aftursætinu sem er í minna lagi og í farangursrymi sem sömuleiðis er ekki stórt. Bíllinn er fremur hábyggður þannig að höfuðrymi er ágætt í aftursætinu og sama er að segja um framsætin að því viðbættu að þar er fótarymið fint líka.

Hvað varðar öryggi og búnað bílsins þá eru í honum sex loftpúðar, góð hljómtæki með geislaspilara, rafstýrðir og upp-hitaðir útispeglar og fjarstýrðar samlæsingar. ABS læsivardar bremsur eru staðalbúnaður og ESP stöðugleikakerfi verður fáanlegt sem aukabúnaður. Þegar er búið að áreктurstsprófa bíllinn hjá EuroNCAP og fékk hann fjórar stjörnur af fimm sem er ágætt fyrir smábíl og fyllilega viðunandi.

GÆÐA DEKK Á GÓÐU VERÐI!!!

BF Goodrich

Jeppadekk á frábæru verði

YOKOHAMA

Hágæða hjólbardar



Sérpantanir
frá USA
innan
viku.



Smurstöð
Allar smurbækur
skráðar í tölvu!!

HJÓLBARDAGEYMSLA

Við geymum
dekkinn fyrir þig!!!



SÍMI 561 4110

SUÐURSTRÖND 4



VW Passat í reynsluakstri FÍB blaðsins

Stóri fólksvagninn orðinn enn stærri

Saga Volkswagen Passat hófst árið 1973. Með Passat kom VW fyrst fram með bíl í millistærðarflokki til höfuðs bílum

eins og Ford Taunus og Opel Rekord sem þá voru hvað vinsælastir meðal Evrópubúa í stærðarflokknum. Gamla bjall-

an var enn í framleiðslu og Golfinn ennþá smábíll, jafnstór og VW Polo nútímans er. Fyrsti Passatinn var svo sem ekki stór bíll, -svipaður að stærð og Golfinn nú, en ansi laglegur og framhjóladrifinn, sem fæstir bílar í hans flokki voru þá.

En nú er sjötta kynslóð VW Passat komin og við reynsluókum honum eina helgina í vor. Þótt við fyrstu sýn verði ekki komið auga á róttækar útlitsbreytingar frá fyrri gerð þá er flest nýtt - undirvagninn og hjólastellið að mestu. Bíllinn er töluvert stærri en sá eldri var; 6,2 sm lengri, 7,4 sm breiðari og einum sentimetra hærri. Hann er orðinn það stór að hann er við mörk þess að kallast stór fólksbíll en ekki bara meðalstór.

En þótt Passat hafi stækkað hefur tekist að halda þyngdinni í skefjum, ekki síst með því að smíða hluta fjöðrunarbúnaðar og hjólaupphengja úr áli í stað stáls. Passatinn er því

Passat Trendline TDi

Vél: 1,896 l dísilvél m. forþjöppu. 4 strokka.

Afl: 130 hö / 4000 sn.

Vinnsla (tog): 310 Nm / 1900 sn.

Gírkassi: 6 gíra handskiptur (einnig fánlegur með fimm gíra eða Tiptronic sjálfskiptingu. -

Þyngd kg: 1417-1598



Þótt við fyrstu sýn verði ekki komið auga á róttækar útlitsbreytingar frá fyrri gerð þá er flest nýtt - undirvagninn og hjólastellið að mestu.

alls ekki þyngri en eldri gerðin. Annað mikilvægt atriði er að undirvagninn er enn stinnari en var áður, enda er byggt á undirvagni nýja Golfsins. Þessi stífleiki undirvagns og yfirbyggingar er einskonar ávísun á betri og öruggari akstursegileika. Það hefur greinilega verið mikið hugsað um það við smíði og frágang á Passat að notendur bílsins fái tilfinningu fyrir öryggi og vöruvöndun. Aksturstillfinningin er í það



Skottið opnast vel. Þegar það er opnað með fjarstýringunni í lyklinum opnast það svona – upp á gátt.



Rými í aftursæti er gott. Bíllinn er nokkru stærri en eldri gerðin. Það skilar sér í aftursætinu.



Opnunin á skottinu er mjög til þæginda. Lítil hættu er á að reka höfuðið í.



Stýrið er stillanlegt á hæð og fjarlægð frá líkama. Útsýn er góð þrátt fyrir þykkann rúðustólpann sem geymir einn af loftþúðunum í þessum bíl.

minnsta sú að verið sé með traust og sterkt tæki í höndunum og innréttingar allar undirstrika þetta enn frekar og bæta við slatta af virðuleika- og lúxustilfinningu.

Fjórar meginútfærslur

Þær vélargerðir sem í boði eru nú eru 1,6 l og 2,0 l bensínvélur og 1,9 l og 2,0 l túrbínudísilvélur, þær sömu/svipaðar og fást í Golf og svo frændunum Audi og Skoda.

Passat fæst í fjórum meginútfærslum sem einkum taka til innréttinga og íburðar í útliti. Sú íburðarminnsta nefnist Basicline, þá Trendline, síðan Comfortline og loks Highline. Kaupendur geta svo valið um nokkra kosti í gerðum véla, gírkassa og ýmissa búnaðar innan hverrar þessara lína. Ákveðinn lágmarks staðalbúnaður er þó til staðar í þeim öllum. Þannig er í Basic-línunni staðalbúnaður atriði eins og ABS læsivardir hemlar, hemlaátaksjöfnun, sjálfvirkir bílbeltastrekkjarar sem strekkja beltin komi högg á bílinn, rafknúinn handhemill, og fjórir loftþúðar.

Í hinum búnaðarlínunum bætist svo við hverskonar skraut og þæginda- og skemmtibúnaður eins og sjálfvirk hita/loftræstikerfi, rafstillt sæti, skriðstillir, leðuráklæði, litadar rúður, stöðugleikabúnaður eða skrikvörn, fleiri loftþúðar og annar ríkulegri öryggisbúnaður o.m.fl.



Þær vélargerðir sem í boði eru nú eru 1,6 l og 2,0 l bensínvélur og 1,9 l og 2,0 l túrbínudísilvélur, þær sömu/svipaðar og fást í Golf og svo frændunum Audi og Skoda.

Trendline með dísilvél

FÍB blaðið reynsluók fyrst og fremst Passat af Trendline-

línunni með 1,9 l dísilvél og sex gíra gírkassa, en tók aðeins í annan Trendline með 1,6 l bensínvél og í Highline bíl með 2,0 l bensínvél. Allir voru handskiptir en tveir með sex gíra kassa en einn með fimm. Fimm hraða sjálfskiptingar eru einnig fáanlegar sem og nýr og mjög fullkominn sex hraðastiga gírkassi sem er bæði hand- og sjálfskiptur.

Dísilvélin er sú sama og við höfum áður haft kynni af í VW Golf og í Skoda Octavia og hún klikkar ekki – aflmikil,

þýðgeng og hljóðlát og sérlega sparneytin. Þessi ágæta og skemmtilega vél gengur í góðum takti við Passatinn ekki síst þegar sex gíra kassinn er með í spilinu. Það verður að segjast eins og er að 1,6 l bensínvélin á síst við þennan rúmgóða og virðulega bíl. Það á hins vegar 1,9 l dísilvélin og líka 2,0 l bensínvélin sem var sneggri upp á lagið í upptakinu en dísilvélin, en sú síðarnefnda hefur vinninginn á þjóðvegnum með sína miklu en jöfnu vinnslu.



REYNSLUAKSTUR

Benz A

Hábyggður einrýmisbíll, fimm dyra. Framhjóladrifinn, 5 gíra handskipting

Þyngd: 1225 kg.

Lengd/breidd/hæð í mm:

3838/1764/1593

Rúmtak vélar: 1498 rúmsm.

Vélarafi: 95 hö/5200 sn. (70 kW)

Vínsla (tog): 140 Nm / 3500-4000 sn.

Hámarkshraði: 175 km/klst.

Viðbragð 0-100: 12,6 sek.

Fjöðrun framan: MacPherson, þriggja punkta neðri spyrnur.

Fjöðrun aftan: Fjölliða fjöðrun – vinduöxull.

Hjól: 185/65 R15 á sex tommu breiðum felgum.

Stýri: Tannstangarstýri með rafmagnshjálparmótor. Beygjuradius 10,95 m.

Hemlar: Diskar framan og aftan. Framdiskar loftkældir. Læsivarðir, tölvustýrð átaksjöfnun.

Nýjasta kynslóðin af Mercedes Benz A, eða litla Benzanum er ansi álitlegur bíll. Ætternið við hina stærri bræður finnst glögg því að í akstri er sá litli hljóðlátur og virðulegur og virkar nokkuð eins og mun stærri bíll í höndum manns. Og óhætt er að segja að maður fái talsvert mikið fyrir peninginn því að hann er ekki svo lítill lengur, en

A-Benzinn hefur stækkað frá fyrstu gerðinni og er ekki lengur neinn smábíll. Farangursrými er ágætt og afturdyrnar opnast vel.



miðað við að eldri gerðina sem kom fyrst fram árið 1997, þá var hún í upphafi talsvert dýr miðað við sambærilega bíla. Nú hefur dæmið alveg snúist við því A-Benzinn er ekkert svo sérlega lítill lengur, heldur kominn í svipaða stærð og bílar í Golf-flokknum, en kostar þó ekkert meira en þeir lengur. Eiginlega hefur allt vaxið í litla Benzanum nema verðið, það hefur skroppið saman. Nýi A-bensinn er algjörlega nýr bíll og breyttur frá eldri gerðinni.

Stöðugur

Það hefur mikið vatn til sjávar runnið síðan 1997 þegar A-Benzinn kom fyrst fram og þekktur sænskur bílblaðamaður, Robert Collin velti honum í svonefndri elgsbeygju í reynsluakstri. (Elgsbeyga er það að líkja eftir því að snöggbeygt er eins og til að forða árekstri við elg sem öslar óvænt inn á veg-

inn). Veltan sú olli miklu fjadrafoki og Collin var sakaður um að hafa fíktað eitthvað í bílnum auk þess að vera hinn mesti klaufi í akstri.

Hann svaraði fullum hálsi, en hvort sem Collin eða talsmenn Mercedes höfðu allan sannleikann sín megin eða ekki þá var veltan óneitanlega til þess að salan fór í upphafi hægar af stað en ella hefði mátt vænta. Hjá Mercedes var farið út í breytingar á yfirbyggingu og undirvagni og stöðugleikabúnaður settur í bílinn sem staðalbúnaður sem hefur verið uppfra því. Miklu var kostað í kynningarstarf og auglýsingar eftir endurbæturnar og smám saman fór salan að ganga betur og hefur fyrsta kynslóð A-Benzans nú selst í 1,1 milljón eintaka.

Öflug skrikvörn

En nú er önnur kynslóð A-Benzans komin gjörbreytt og

auðvitað er það fyrsta sem bílblaðamenn gera þegar þeir fá hann í hendurnar að fara með hann í elgsprófið. Og viti menn, hann klárar sig af því án minnstu vandkvæða. ESP stöðugleikakerfið í bílnum er staðalbúnaður sem fyrr segir og það er ekki hægt að taka það úr sambandi með því að ýta á takka.

Kerfið er mjög virkt og grípur um leið inn í aksturinn þegar bíllinn byrjar að skrensa og heldur öllum hjólum við jörðina. Spólvörn er hluti þessa kerfis og hún er sömuleiðis mjög virk sem við fundum ágætlega því að smá snjócoma og hálka var hluta reynsluakstur tímans.

Skrikvörnin er mjög virk vegna þess ekki síst að kerfið skynjar hreyfingar stýrisins. Því meira sem hamast þarf á stýrinu, því meir vinnur stöðugleikakerfið eða skrikvörnin í því að koma í veg fyrir að bíllinn skrensi útundan sér. Hún hægir jafnframt á honum, slær af mótornum og hemlar. ESP kerfið er semsé mjög skynvætt og samkvæmt því sem við gátum best fundið greip það jafnvel fljótar inn í en bestu og þrautþjálfuðust öikumenn geta mögulega. Stöðugleikakerfi yfirleitt eru mjög virkur öryggisbúnaður en sjálfsagt gæti einhverjum fundist að búnaðurinn í A-Benzanum sé ofvirkur. Það ætti að vera hægt að slökkva á honum. Það teljum við hæpið því að A-Benzinn er ekki keppnisbíll til að nota inni á lokuðum kappakstsbrautum heldur bíll fyrir venjulegt fólk í venjulegri umferð og hjálpa því við óvenjulegar aðstæður. Skrikvarnarbúnaðurinn er sá virkasti sem við höfum prófað hingað til og gerir þennan bíl mög öruggan í akstri og tilbúinn að mæta óvenjulegum

ESP stöðugleikakerfið í bílnum er staðalbúnaður sem fyrr segir og það er ekki hægt að taka það úr sambandi með því að ýta á takka.



Litli Benzinn – A-Benzinn:

Ekki lengur svo lítill

Fyrsta kynslóð A-Benzans var öll minni um sig en þessi nýja og nú fer ekkert á milli mála að hér er kominn hreinræktaður Mercedes Benz.



aðstæðum með venjulegt fólk við stýrið, en ekki þjálfaða akstursíþróttamenn.

Fín fjöðrun

Fjöðrunin er þrauthugsuð með það fyrir augum að veða upp á móti tiltölulega háum þyngdarþykki. Hann situr hátt vegna þess að bæði er bíllinn hábyggður auk þess sem tvöfaldur botn er í bílnum. Tvöfaldi botninn þýðir það að allt rafkerfi og aðrar lagnir eru niðri í þessum „kjallara“ og því varið fyrir grjótbarningi og vegsalti. Þarna eru líka hirslur og geymslur fyrir fólkíð í bílnum. Afturhjólastellið ekki síst er þrauthugsuð með tililiti til stöðugleika en því til viðbótar eru dempararnir í bílnum af nýrri gerð. Þeir eru mjúkir í

venjulegum akstri en bæði þegar hraðinn verður meiri og eins í snöggum beygjum verða þeir stífari, því að skynjari sér um að stýra olíuflæðinu í dempurunum í samræmi við aksturslag og hraða og gera þá stinna eða mjúka eftir því sem aðstæður krefja.

Gjörbreyttur bíll

Fyrsta kynslóð A-Benzans var öll minni um sig en þessi nýja og nú fer ekkert á milli mála að hér er kominn hreinræktaður Mercedes Benz. Innréttingin er orðin formfastari en var áður og miklu nær hefðinni hjá Mercedes Benz. Þessi bíll virkar á mann sem fullvaxinn vagn og því veldur ekki síst hversu rásfastur hann er, fimm gíra handskiptingin nákvæm og pottþétt

og loks fjöðrunin og hljóðlátur aksturinn. Í öllu þessu er hér kominn fram bíll af millistærð með yfirburði hvað varðar alla aksturseginnleika. Þetta er góður langferðabíll sem vegna stærðar og lipurleika er líka fyrsta flokks í borgarþrengslunum. Það eina sem að má finna er að 1,5 lítra vélin er í aflminna lagi. Sérstaklega saknar maður meiri

vinnslu við framúrakstur úti á þjóðvegi með fullhlaðinn bíl. En fleiri vélargerðir eru fáanlegar og 1,5 l vélin er hálfgildings staðalvél. Næsta fyrir ofan þessa er 116 ha 1,7 l sem trúlega hæfir bílnum einna best. Sú stærsta er svo 136 ha 2,0 l. Til viðbótar fást einnig þrennskonar dísilvélar; 82 ha, 1,6 l, 109 ha, 1,8 l og 140 ha 2,0 l.



Rýmið í aftursætinu er fyllilega viðunandi.



Mælaborðið sem og aðrar innréttingar eru breyttar frá eldri gerðinni - miklu „Benzlegri.“ A-Benzinn er orðinn ekta Benz.



Strax á fyrstu metrunum verður skyldleikinn við Volkswagen og Audi ljós.

Helstu upplýsingar:

Staðalvélín hér á landi er 1,6 l 102 ha (75 kW)/ 5.600 sn.

Vél í reynsluakstursbíl: 1,9 l Tdi dísilvél, 77 kW. (Fáanlegar eru auk þess 1,4, 1,6 og 2,0 l bensínvélur og 2,0 Tdi dísilvél sem er 103 kW.

Lengd / breidd / hæð í mm: 4.572 / 1.973 / 1.462.

Farangursrými: 560-1.350 lítrar
Viðbragð 0-100: 12,3 sek.

Hámarkshraði: 190 km/h
Eyðsla bl. akstur: 7,2 l/100 km

Verð: Frá kr.1.690.000,-

Verð reynsluakstursbíls: kr. 2.090.000,-

Skoda Octavia:

Nýr, stærri og betri Skódi


Það er erfitt annað en að taka hatt sinn ofan fyrir Tékkunum hjá Skoda. Frá því að járnaldid hrundi og yfirráðum rússnesku ráðstjórnarinnar yfir Tékkum lauk hefur Skoda jafnt og þétt

sótt í sig veðrið og nú er svo komið að Skoda bílar eru ekki lengur ódýrir austantjalds-skrjóðar heldur ágætir vestrænir bílar og sem betur fer (enn í það minnsta) á hagstæðu verði.


Þegar Volkswagen eignaðist stóran hlut í Skoda stóð það nokkuð í mönnum um tíma hvort leggja ætti Skoda nafnið niður og taka upp eitthvert nýtt nafn. Þetta hugsuðu menn í al-

vöru um vegna þess að ímynd Skoda í hugum V.Evrópumanna var ekki sterk – þvert á móti. Hið gamalgróna og eitt sinn virðulega nafn fékk að halda sér og á stuttum tíma hefur Tékkunum

15 HÓTEL ALLAN HRINGINN



- | | |
|------------------|-----------------|
| 1 ML Laugarvatn | 9 Stórutjarnir |
| 2 ÍKÍ Laugarvatn | 10 Akureyri |
| 3 Skógar | 11 Húnavellir |
| 4 Vík í Mýrdal | 12 Laugarbakki |
| 5 Nesjaskóli | 13 Ísafjörður |
| 6 Neskaupstaður | 14 Laugar |
| 7 Egilsstaðir | 15 Hellissandur |
| 8 Eiðar | |



Við minnum á að gistiávisanir fást á hagstæðu verði á skrifstofu FÍB.

Góð þjónusta á sanngjörnu verði

Hótel Edda býður upp á gistingu jafnt í uppúnum rúmum sem svefnpokaplássi, allt eftir þörfum hvers og eins.



Staðalbúnaður er meiri en áður. Meðal hans má nefna spólvörn og loftkælingu, víðtækan öryggisbúnað eins og ABS hemla, loftpúða framí og til hliðanna.

Þessi vél er bæði aflmikil og svo sannarlega sparneytin líka og verulega eftirsóknarverð.



tekist að styrkja ímynd Skoda verulega. Maður hvorki heyrir né les lengur að nafnið Skoda sé einhverskonar samnefni með leiðinlegum og lélegum bifreiðum, þvert á móti.

Einn fyrsti nútímalegi bíllinn sem kom frá Skoda eftir fall járnþjaldsins og eftir aðkomu VW að Skoda var Skoda Octavia. Nú er komin ný kynslóð þessa bíls, bæði stærri og betur búin en fyrsta nútíma Octavían. FÍB fékk þennan bíl í reynsluakstur á dögnum.

Náskyldur VW

Strax á fyrstu metrunum verður skyldleikinn við Volkswagen og Audi ljós eftir að ekið er af stað. Bíllinn minnir mjög á Volkswagen og Audi í akstri. Íburður í innréttingum er heldur minni kannski, en flest annað er svipað – vinnslan, girskipting, útsýni, stjórnþæki o.s.frv. Aksturseginnleikarnir eru mjög áþekkir hinum nýja VW Golf enda ekki að furða, botnplatan – undirvagninn er nánast sá sami

og í Golfinum en byggingarlagið (einskonar hálfur skutbíll þar sem skottlokið opnast frá stuðara við efri brún afturrúðunnar) gerir Octavíuna mun plássmeiri en Golfinn, sérstaklega er farangursrýmið miklu meira.

Sú Octavía sem við reynsluókum var með 1,9l dísilvélinni, þeirri sömu og var í nýja Golfinum sem sr. Jakob Rolland ók á vegum FÍB hringinn í kring um landið á einni og sömu tankfyllingunni. Þessi vél er bæði aflmikil og svo sannarlega sparneytin líka og verulega eftirsóknarverð. Í bílnum var handskiptur fimm gíra gírkassi sem hæfir vélinni og bílnum ágætlega.

Rýmra aftursæti

Eldri Octavía var ansi þröng í aftursætinu en nýja gerðin er talsvert stærri en sú gamla var. Lengdin milli hjólamiðja er 6,6 sm meiri, heildarlengd bílsins er 5,9 sm meiri, breiddin er 3,8 sm meiri og hæðin er aðeins meiri líka. Þetta skilar sér ekki síst í því að rýmið í aftursætinu er nú miklu betra

en áður auk þess sem farangursrýmið er sömuleiðis meira líka. Skottið á Skóðanum er reyndar óvenju stórt samanborið við bíla af svipaðri stærð, t.d. Volvo S40. Það er 560 lítra en var 528 l í gömlu gerðinni. Sé aftursætið svo fellt niður vex farangursrýmið í heila 1350 lítra. Vegna þess hve farangursrýmið opnast vel er auðvelt að losa og lesta.

Góður í akstri

Það fer ágætlega um mann undir stýri. Sætið má stilla á flesta vegu og sömuleiðis er stýrishjólið stillanlegt á hæð og fjarlægð frá líkamanum. Helst mætti finna að því að harður miðjustokkurinn er ansi þétt við hægri hné.

Aksturseginnleikarnir eru mjög öruggir og góðir eins og hjá Golfinum. Það eru engir óvæntir hnöktrar þar á. Vökvastýrið er hraðanæmt, það er létt á mjög hægri ferð en í venjulegum akstri hefur ökumaður góða tilfinningu fyrir veginum. Heglarnir virka eins og við má búast í

bílum í betri kantinum – í stuttu máli er ekkert athugavert við Skóðann í þeim efnum.

Staðalbúnaður er meiri en áður. Meðal hans má nefna spólvörn og loftkælingu, víðtækan öryggisbúnað eins og ABS hemla, loftpúða frammi og til hliðanna. En nú er svo komið að Skoda er ekki lengur ódýri bíllinn úr austurvegi, heldur fullburða bíll í milliflokki sem kostar sitt – verðið er komið ansi nærri Golfinum.

En Skóðinn er búinn að sanna sig að vera peninganna virði. Það er bara spurningin nú hvort kaupendurnir séu tilbúnir að borga það sem upp er sett, vegna þess að úrvalið í þeim verðflokki sem Skóðinn nú tilheyrir, er mjög mikið. En Skóðavinir eiga þess þá bara áfram kost um sinn að kaupa eldri gerðina því hún verður framleidd áfram næstu tvö árin eða þar um bil sem vel búnað sérútgáfur á gamla góða Skóðaverðinu.



Hér hefur orðið mikil breyting til batnaðar frá eldri gerð Octavía. Fótarýmið er nú miklu betra en áður.



Hér er allt mjög líkt og í VW og Audibílum þótt íburður sé minni. Auðlæsilegir mælur og allt við hendina.



Farangursrýmið er með því stærsta í flokknum og auðvelt að ganga um það á alan hátt.



Innréttingar eru vandaðar og smekklegar en án alls íburðar. Notagildið er í fyrirrúmi.

Enn meiri ávinningur með
Safnkortinu!*

Safnkort

Esso

Sparaðu tíma borgaðu við dæluna! á næstu ESSO stöð*

Veldu hraða!

Hjá ESSO getur þú nú sparað tíma og **borgað við dæluna** þegar þú velur sjálfsafgreiðslu.

Veldu þægindi!

Láttu okkur um að dæla á bílinn og nýttu þér um leið þá **þjónustu** sem ESSO er þekkt fyrir.

Veldu ódýrara bensín!

Þegar þú **dælir sjálf(ur)** á ESSO stöðvunum getur þú treyst því að fá eldsneyti á hagstæðu verði.



FILIPPIA F1006106

*Á höfuðborgarsvæðinu, Akureyri, Keflavík, Hveragerði og Selfossi. Safnkortsafsláttur er í formi punkta.

Sumardekkin hafa sjaldan verið öruggari

- Bleytan er hættulegust
- Góðir bleytueiginleikar mikilvægastir þegar sumardekkin eru valin

Það getur skilið milli feigs og ófeigs hverskonar hjólbarðar eru undir bílnum. Mynstrið á slitfletinum skiptir miklu máli, slétt dekk eða mikið slitin fljóta upp á bleytunni og missa veggripið um leið. Bíllinn verður óviðráðanlegur.

En ný og óslitin dekk eru mjög misgóð með það hversu vel þau ryðja vatninu á veginum undan sér og það er mikill munur á besta bleytudekkinu og því lakasta. Sumardekkjapróf ársins 2005 sýnir að Continental og Goodyear hafa komið fram með bestu dekkinn hvað þetta varðar, betri en áður hafa komið fram.

Sumardekk ársins voru að þessu sinni prófuð í Texas í

Bandaríkjunum sl. vetur þegar veður þar var nokkuð svipað og gerist að sumri til í N-Evrópu. Í prófuninni er mikil áhersla lögð á að sannreyna hvernig dekkinn standa sig og eru örugg í bleytu og á þurrum vegi, hversu mjúk, rásföst, hve hátt heyrist í þeim inni í bílnum og utan og hversu slitsterk þau eru.

Sáralítill munur mælist á hemlunarvegalengd sumardekkja á þurru malbiki á bíl



Góðir eiginleikar dekkja í bleytu skipta sköpum. Á þá eiginleika hafa dekkjaframleiðendur lagt áherslu og framfarirnar eru miklar á tiltölulega fáum árum.



með ABS hemlum þannig að hemlun á þurru malbiki er ekki mæld sérstaklega og tekin inn í niðurstöðurnar. Munurinn á ABS hemlun í bleytu er hins vegar verulegur og munurinn á því dekki sem stystu og lengstu hemlunarvegalengdina þurfti í bleytunni, reyndist mikill sem fyrr segir. Það dekk sem stóð sig síst í bleytu byrjaði að fljóta upp í 6 mm djúpu vatni á 70

km hraða. Það dekk sem best stóð sig byrjaði að fljóta upp við 90 km hraða við sömu aðstæður og undir sama bílnum. En það fer ekki alltaf saman að dekk sem byrjar seint að fljóta upp í rennbleytu hafi traust veggripi á rökum eða votum vegi. Þar koma við sögu þættir eins og fínmynstrið í slitfletinum og mykt gúmmíblöndun.

Hvað var prófað?

Dekkin voru öll prófuð undir einum og sama bílnum. Bílnum var ekið nokkrum sinnum af nokkrum öikumönnum gegn um hverja þraut og er sú einkunn sem gefin er fyrir hverja þraut meðaltal mælinganiðurstaða. Einkunnin er í raun frádráttarstig þannig að því lægri sem hún er, þeim mun betur stóð dekkið sig.

Purr vegur

Akstur á þurrum vegi hefur 20% vægi í heildarniðurstöðunni. Í þessum þætti vegur akstur í beygju þar til veggrip losnar 50% og snögg beygja framhjá hindrun 50%

Blautur vegur

Akstur á blautum vegi hefur 35% vægi í heildarniðurstöðunni. Í þessum þætti vegur ABS nauðhemlun 30% Flotun í beinum akstri 20%, flotun í beygju 10%, rásfesta 30% og hliðargrip í beygju 10%.

Þægindi

Þægindi vega 10% af heildarniðurstöðunni. Í þessum þætti vegur mýkt 50% og veggnyr inni í bílnum 50%.

Veggnyr

Veggnyr sem dekkinn gefa frá sér út í umhverfið vegur 5% af heildarniðurstöðunni.

Núningsmótstaða

Núningsmótstaðan eða innri mótstaða í dekkinu sjálfu vegur 10% af heildarniðurstöðunni.

Slitþol

Slitþolið vegur 20% af heildarniðurstöðunni.

Stjörnugjöf

Hæst eru gefnar þrjár stjörnur en lægst engin. Að þessu sinni er ekert dekk sem ekki náði einni einustu stjörnu. Öll dekkin hafa því til síns ágætis umtalsvert nokkuð.

★★★★ Framúrskarandi

★★★ Gott

★ Viðunandi

Engin stjarna: Varla viðunandi

Pirelli P 6

	Einkunn	Vægi
Purr vegur	1,5	20%
Ekið í beygju	1,4	50%
Snöggbeygt framhjá hindrun	1,6	50%
Blautur vegur	1,6	35%
ABS nauðhemlun	1,2	30%
Flotun beint áfram	1,5	20%
Flotun í beygju	1,5	10%
Rásfesta	1,8	30%
Hliðargrip	2,3	10%
Þægindi	2,1	10%
Mýkt	2,3	50%
Veggnyr inni	1,9	50%
Veggnyr úti	1,5	5%
Núningsmótstaða	3,5	10%
Slitþol	2,2	20%

Heildareinkunn: 1,9



Framúrskarandi sumardekk með marga góða eiginleika. Frábært á þurrum vegi og lágværa dekkið í prófuninni. Núningsmótstaða þess er í hærra lagi.

Bridgestone Turanza ER 300

	Einkunn	Vægi
Purr vegur	1,7	20%
Ekið í beygju	1,8	50%
Snöggbeygt framhjá hindrun	1,5	50%
Blautur vegur	1,8	35%
ABS nauðhemlun	1,6	30%
Flotun beint áfram	1,7	20%
Flotun í beygju	1,3	10%
Rásfesta	1,9	30%
Hliðargrip	2,5	10%
Þægindi	2,2	10%
Mýkt	2,0	50%
Veggnyr inni	2,4	50%
Veggnyr úti	2,4	5%
Núningsmótstaða	3,0	10%
Slitþol	2,1	20%

Heildareinkunn: 2,0



Afbragðs sumardekk með góða alhliða eiginleika. Ágætt á þurrum vegum sem votum vegi. Full hávært.

Maloya Futura Primato

	Einkunn	Vægi
Purr vegur	1,7	20%
Ekið í beygju	1,6	50%
Snöggbeygt framhjá hindrun	1,8	50%
Blautur vegur	1,7	35%
ABS nauðhemlun	1,6	30%
Flotun beint áfram	1,7	20%
Flotun í beygju	1,0	10%
Rásfesta	1,9	30%
Hliðargrip	2,5	10%
Þægindi	2,4	10%
Mýkt	2,0	50%
Veggnyr inni	2,8	50%
Veggnyr úti	2,3	5%
Núningsmótstaða	3,3	10%
Slitþol	2,1	20%

Heildareinkunn: 2,1




Hefur góða alhliða eiginleika á bæði þurrum vegum sem votum vegi. Talsverður veggnyr inni í bílnum dregur það niður í heildareinkunn. Núningsmótstaða í hærra lagi.

Michelin Energy E3A

	Einkunn	Vægi
Purr vegur	1,8	20%
Ekið í beygju	1,9	50%
Snöggbeygt framhjá hindrun	1,6	50%
Blautur vegur	2,7	35%
ABS nauðhemlun	2,1	30%
Flotun beint áfram	2,7	20%
Flotun í beygju	3,3	10%
Rásfesta	3,0	30%
Hliðargrip	3,0	10%
Þægindi	2,2	10%
Mýkt	2,2	50%
Veggnyr inni	2,1	50%
Veggnyr úti	2,3	5%
Núningsmótstaða	2,5	10%
Slitþol	1,2	20%

Heildareinkunn: 2,1




Slitsterkasta og þar með endingarbesta sumardekkið. Mjög gott á þurrum vegum en bleytueiginleikarnir aðeins í meðallagi.

Fulda Carat Attiro

	Einkunn	Vægi
Purr vegur	1,5	20%
Ekið í beygju	1,4	50%
Snöggbeygt framhjá hindrun	1,5	50%
Blautur vegur	2,6	35%
ABS nauðhemlun	3,0	30%
Flotun beint áfram	2,0	20%
Flotun í beygju	1,3	10%
Rásfesta	2,9	30%
Hliðargrip	3,3	10%
Þægindi	2,3	10%
Mýkt	2,0	50%
Veggnyr inni	2,5	50%
Veggnyr úti	2,6	5%
Núningsmótstaða	2,3	10%
Slitþol	2,3	20%

Heildareinkunn: 2,2




Besta sumardekkið á þurrum vegum. Eiginleikar þess í bleytu eru hins vegar ekki jafn góðir. Háværa dekkið í prófuninni að þessu sinni.

Goodyear HydraGrip

	Einkunn	Vægi
Purr vegur	2,3	20%
Ekið í beygju	2,1	50%
Snöggbeygt framhjá hindrun	2,5	50%
Blautur vegur	1,8	35%
ABS nauðhemlun	2,0	30%
Flotun beint áfram	0,7	20%
Flotun í beygju	0,5	10%
Rásfesta	2,3	30%
Hliðargrip	3,0	10%
Þægindi	2,1	10%
Mýkt	2,1	50%
Veggnyr inni	2,1	50%
Veggnyr úti	1,9	5%
Núningsmótstaða	2,5	10%
Slitþol	2,8	20%

Heildareinkunn: 2,2



Dekk sem sérstaklega er gert til þess að standa stöðugt á blautum vegum, eins og niðurstöðurnar sýna. Góðir vætueiginleikar virðast vera nokkuð á kostnað slitþolsins.

Vredestein Hi-Trac

	Einkunn	Vægi
Purr vegur	2,1	20%
Ekið í beygju	2,1	50%
Snöggbeygt framhjá hindrun	2,0	50%
Blautur vegur	1,7	35%
ABS nauðhemlun	1,6	30%
Flotun beint áfram	1,3	20%
Flotun í beygju	0,7	10%
Rásfesta	1,9	30%
Hliðargrip	2,7	10%
Þægindi	2,3	10%
Mýkt	2,0	50%
Veggnýr inni	2,6	50%
Veggnýr úti	2,5	5%
Núningsmótstaða	3,5	10%
Slitþol	2,4	20%

Heildareinkunn: 2,2




Hefur góða eiginleika í vætu en mjög upp og ofan að öðru leyti.

Núningsmótstaða er mikil og það er hávært yfir meðallagi.

Kleber Dynaxer HP2

	Einkunn	Vægi
Purr vegur	2,0	20%
Ekið í beygju	2,0	50%
Snöggbeygt framhjá hindrun	1,9	50%
Blautur vegur	2,9	35%
ABS nauðhemlun	3,7	30%
Flotun beint áfram	1,7	20%
Flotun í beygju	1,3	10%
Rásfesta	3,4	30%
Hliðargrip	3,3	10%
Þægindi	2,3	10%
Mýkt	2,3	50%
Veggnýr inni	2,3	50%
Veggnýr úti	2,0	5%
Núningsmótstaða	2,0	10%
Slitþol	1,5	20%

Heildareinkunn: 2,3




Mjög slitþolið og gott á þurrum vegi en síðra á blautum.

Nokian NRHi Ecosport XL

	Einkunn	Vægi
Purr vegur	1,8	20%
Ekið í beygju	1,9	50%
Snöggbeygt framhjá hindrun	1,6	50%
Blautur vegur	2,4	35%
ABS nauðhemlun	2,5	30%
Flotun beint áfram	2,0	20%
Flotun í beygju	1,7	10%
Rásfesta	2,6	30%
Hliðargrip	3,0	10%
Þægindi	2,3	10%
Mýkt	2,1	50%
Veggnýr inni	2,5	50%
Veggnýr úti	1,6	5%
Núningsmótstaða	2,7	10%
Slitþol	2,7	20%

Heildareinkunn: 2,3



Ekki nógu traust í bleytu. Sömuleiðis er slitþolið í minna lagi. Á heildina

litið gott miðlungsdekk.

Firestone Firehawk TZ 200 FS

	Einkunn	Vægi
Purr vegur	1,8	20%
Ekið í beygju	1,8	50%
Snöggbeygt framhjá hindrun	1,7	50%
Blautur vegur	2,2	35%
ABS nauðhemlun	2,6	30%
Flotun beint áfram	1,5	20%
Flotun í beygju	1,0	10%
Rásfesta	2,5	30%
Hliðargrip	3,0	10%
Þægindi	2,3	10%
Mýkt	2,3	50%
Veggnýr inni	2,2	50%
Veggnýr úti	2,4	5%
Núningsmótstaða	3,7	10%
Slitþol	2,7	20%

Heildareinkunn: 2,4



Í meðallagi á þurrum sem blautum vegi. Slitþolið er undir meðallagi. Mesta

núningsmótstaðan af samanburðardekkjunum.

Semperit Speed Comfort

	Einkunn	Vægi
Purr vegur	1,9	20%
Ekið í beygju	1,8	50%
Snöggbeygt framhjá hindrun	1,9	50%
Blautur vegur	2,1	35%
ABS nauðhemlun	1,8	30%
Flotun beint áfram	1,5	20%
Flotun í beygju	1,3	10%
Rásfesta	2,8	30%
Hliðargrip	2,7	10%
Þægindi	2,5	10%
Mýkt	2,4	50%
Veggnýr inni	2,6	50%
Veggnýr úti	2,3	5%
Núningsmótstaða	3,3	10%
Slitþol	3,1	20%

Heildareinkunn: 2,4



Nokkuð gott hvað varðar veggrip við flestar aðstæður. En er bæði hart og

hávaðasamt.

Uniroyal Rallye 550

	Einkunn	Vægi
Purr vegur	2,3	20%
Ekið í beygju	1,9	50%
Snöggbeygt framhjá hindrun	2,6	50%
Blautur vegur	1,5	35%
ABS nauðhemlun	1,0	30%
Flotun beint áfram	1,0	20%
Flotun í beygju	1,0	10%
Rásfesta	2,1	30%
Hliðargrip	3,0	10%
Þægindi	2,0	10%
Mýkt	2,0	50%
Veggnýr inni	1,9	50%
Veggnýr úti	1,6	5%
Núningsmótstaða	3,0	10%
Slitþol	3,8	20%

Heildareinkunn: 2,3




Ágætt á votum vegi og hljóðlát. Það sem dregur það niður er að það er ekki sérlega

traust á þurrum vegi og ekki sérlega slitsterkt.

Dunlop SP Sport 01

	Einkunn	Vægi
Purr vegur	1,6	20%
Ekið í beygju	1,5	50%
Snöggbeygt framhjá hindrun	1,7	50%
Blautur vegur	1,8	35%
ABS nauðhemlun	1,7	30%
Flotun beint áfram	1,5	20%
Flotun í beygju	1,0	10%
Rásfesta	2,0	30%
Hliðargrip	2,5	10%
Þægindi	2,2	10%
Mýkt	2,2	50%
Veggnýr inni	2,1	50%
Veggnýr úti	1,9	5%
Núningsmótstaða	3,3	10%
Slitþol	4,1	20%

Heildareinkunn: 2,4




Þrýðilegt á þurrum og votum vegi. Lítið slitþol, það lakasta í prófuninni, dregur niður heildareinkunnina.

Goodyear Eagle Vector EV2

	Einkunn	Vægi
Purr vegur	2,6	20%
Ekið í beygju	2,6	50%
Snöggbeygt framhjá hindrun	2,6	50%
Blautur vegur	3,0	35%
ABS nauðhemlun	2,7	30%
Flotun beint áfram	2,0	20%
Flotun í beygju	1,7	10%
Rásfesta	3,7	30%
Hliðargrip	4,5	10%
Þægindi	2,5	10%
Mýkt	2,3	50%
Veggnýr inni	2,6	50%
Veggnýr úti	1,5	5%
Núningsmótstaða	2,3	10%
Slitþol	2,2	20%

Heildareinkunn: 2,5



Heldur slakt á þurrum og votum vegi en vel slitþolið og fremur lágvært

og mjúkt.

sumir fara aldrei fram úr aftur



HVÍTA HÓSD / SJÁ - 2795




UMFERÐARSTOFA



HERTZ brings you
ONLINE BOOKING BONUSES
Win flights to the USA &
a week's car hire, plus
10% Off our lowest available rates

I tilfelli af frábærum samningum fagnar Hertz samstarfsmönnum með því að bjóða félagsmönnum innan ARC Europe og þar af leiðandi FIB félögum upp á möguleika á að vinna flug og bíl í heila viku í Bandaríkjunum. Skráðu þig á Netinn og þú færð einungis 10% afslátt af bílaleigubílum. Athugiðu málið vras á www.fib.is



Mótorhjól, mannréttindi og umferðaröryggi

eftir Auðun Arnórsson

Á Íslandi er engin kappakstursbraut. Hér eru að vísu stundaðar brautarakstursíþróttir – kvartmíla, gokart, rallíkross, auk torfæruíþróttar eins og motocross, enduro og jeppatorfæra sem einnig fara fram á eins konar brautum. En staðreyndin er sú, að Ísland er eitt örfárra landa í Evrópu, þar sem engin er malbikuð kappaksturbrautin. Engin akstursæfingabraut.

Allar kappakstursbrautir eru akstursæfingabrautir. Allar akstursæfingabrautir eru mikilvægur liður í því að bæta akstursöryggi og þar með umferðaröryggi, þar sem á þeim reynir á takmörk ökumanna og ökutækja; þar þjálfa fólk sig í að ná góðri stjórn á sínu ökutæki. Á Íslandi er aðeins hið almenna vegakerfi til staðar fyrir slíkar æfingar. Þetta gildir um hvern og einn ökumann og hvert og eitt hinna hátt í 200.000 ökutækja sem á landinu eru. Allir ökumenn hefðu gott af því að kynnst takmörkum eigin getu og getu ökutækisins sem hann stýrir dags daglega. Öruggasta leiðin til að kynnst þessum mörkum er að láta á þau reyna á lokaðri braut sem hönnuð og smíðuð er til að lágmarka hættuna á því að slys verði, ef farið er yfir mörkin.

Öryggisins vegna

Þessar hugleiðingar eru hér settar á blað því að staðreyndin er að hér á landi eru til ótal ökutæki sem beinlínis eru hönnuð og smíðuð til notkunar á kappak-



Góðar æfinga- og kennslubrautir eru mikilvægar fyrir alla sem í umferðinni eru, ekki síst fyrir þá sem vilja aka mótorhjólum. Þar geta þeir, eins og ökumenn bifreiða reynt getu sína og þjálfað sig til að verða betri ökumenn við öruggar aðstæður og án þess að setja aðra í hættu.

stursbrautum. Ekki skal þar með fullrytt að þessi tæki eigi ekkert erindi út á venjulega íslenska vegi. Út í venjulega íslenska umferð. Þetta eru tæki sem geta meira en venjuleg götuökutæki. Takmörkin liggja mun ofar – þau komast hraðar, þau hemla hraðar, þau reyna meira á öll skyn- og skilvit ökumannsins og gera þar með upplifunina af því að keyra þau mun sterkari en venjulegu götuökutækin bjóða upp á. Í hnotskurnu eru þetta tæki sem hönnuð og smíðuð eru sem hraðakstursleikföng. Að vilja aka hratt er mjög heilbrigð mann-

leg hneigð. Í frjálsu samfélagi er eðlilegt að þeir sem það kjósa fái tækifæri til að njóta þeirrar gríðarlega sterku upplifunar sem það er að svala hraðaparastanum; segja má að það séu þeirra mannréttindi. (Ekki svo að skilja að allir mótorhjólamenn séu hraðabyrstir úr hófi fram. Satt er þó að sumir þeirra eru það). En það er jafnframt eðlileg krafa að sú „svöln“ fari ekki fram í venjulegri umferð á venjulegum íslenskum vegum. Það er af þessari ástæðu sem það blasir við, að mati undirritaðs, að það væri í þágu öryggis allra Íslendinga að hér risi almennileg akstursæfinga- og kappakstursbraut.

Fyrirhyggja - glannaskapur

Rétt er í þessu samhengi að taka fram, að það er eðlilega mun öruggara að aka tækjum hratt sem eru hönnuð og smíðuð til þess – að því gefnu að geta og þjálfun ökumannsins sé í samræmi við getu ökutækisins og að hraðaksturinn fari fram þar sem aðstæður leyfa. Hér gildir: veldur hver á heldur. Það er augljóslega miklu alvarlegri glannaskapur að aka jeppa á öðru hundradinu á íslenskum þjóðvegi en að aka kappakstursmótorhjól á þriðja hundradinu á kappakstursbraut (eða t.d. hámarkshraðalausri þýzkri hraðbraut).

Í hvert sinn sem þau hör-mulegu tíðindi berast, að bifhjólaökumaður hafi beðið bana í umferðarslysi upphafst umræða um það hvernig bæta megi umferðaröryggið þar sem bifhjól eru annars vegar. Viðbrögð sumra er að hrópa upp að bifhjól séu manndrápstól sem ætti að banna. Svo virðist sem þessi viðbrögð séu ríkjandi meðal stjórnenda tryggingafélaganna; þau setja öll sem eitt upp sama yfiringilega okurtaxta fyrir lögbundna skyldutryggingu mótorhjóla, sama hvort tryggja á tveggja eða tvöhundruð hestafla hjól. Það má í raun undrum sæta að þeim (tryggingafélagunum) hafi ekki með þessari okurstefnu tekizt fyrir löngu að skrúfa með öllu fyrir akstur löglega skráðra mótorhjóla á Íslandi.

Óskráð og ótryggð mótorhjól

Afleiðingin er sú að æ fleiri þeirra sem vilja upplifa þá miklu skemmtun sem það er að aka mótorhjól velja að fá þá útrás á óskráðum, ótryggðum torfæruhjólum. Önnur afleiðing okuriðgjaldanna er að þeim sem finnst það að geta ekið mótorhjólum um götur og vegi Íslands einfaldlega það mikilvægur hluti lífsgæða sinna að þeir láta sig hafa það að borga það sem upp er sett,



Fullburða æfinga- og keppnisbraut fyrir akstur á bílum og mótorhjólum fyrirfinnst ekki á Íslandi. Um 40 ár eru síðan byrjað var að tala í alvöru um að byggja upp slíka aðstöðu. FIB lét verulega til sín taka þá og lét hana slíka braut og útvegaði land fyrir hana í nágrenni höfuðborgarinnar. En málið strandaði á tregðu hins opinbera og ágreiningi milli ýmissa hagsmunaaðila. Af og til hefur málið vaknað síðan og fá ár eru síðan opinberir aðilar eins og dómsmálaráðuneyti, umferðarráð og Vegagerðin lýstu sig tilbúna til að hefjast handa. Þá strandaði málið enn á sérskoðunum og sérhagsmunum ýmissa hagsmunaaðila. Enn er engin slík braut á Íslandi sem þessi sem myndin er af.

huga þá eðlilega með sér: ef ég er á annað borð að leggja svona mikinn pening í þetta er eins gott að ég sé á stærsta, kraftmesta,

hraðskreiðasta hjólinu sem ég kemst yfir. Í öðrum löndum er það jú þannig, að iðgjöld fyrir kraftmestu hjólin eru, eðlilega,

miklu hærri en fyrir hófsamari tól. Eða réttar sagt: Iðgjöldin fyrir hófsömu hjólin eru miklu lægri.

Hér á landi ýtir kerfið því undir að þau hjól sem á annað borð eru á götunni séu þau allra kraftmestu og hraðskreiðustu. Enda er hlutfall þeirra í mótórhjólafloata landsmanna miklu herra en víðast hvar annars staðar (þar sem enginn verðhvat er til þess að menn fái sér frekar kraftmestu hjólin, heldur þvert á móti miklu hagstæðara að láta sér hóflegri græjur nægja). Semsagt: okurstefnan leiðir til þess að fleiri en ella keyra óskræð ótryggt hjól utan vega og hlutfallslega fleiri ofurhraðskreið hjól



Ökumaður æfir „elgsbeygjur,“ þ.e.a.s. að snöggbeygja frá hindrunum á lokaðri æfingabraut í Frakklandi.

eru í umferð á íslenskum vegum en ella. Er það ábyrgt?

Hvatt til vetraraksturs?

Þar að auki er það svo, að hagstæðasta iðgjaldið sem tryggingafélögin bjóða upp á er bundið þeim skilmálum, að hjólið sé haft á númerum allt árið (reyndir ökumenn sem eru með allar sínar tryggingar hjá sama félaginu hafa getað samið um þetta). Þetta þýðir að tryggingafélögin ýta beinlínis undir að hjólin séu notuð yfir vetrartímenn, þegar skammdegið og lúmsk hálfan býr bjartsýnum mótórhjólönnum marga hættuna. Þar sem undirritaður þekkir til erlendis bjóða tryggingafélögin vænan afslátt af iðgjöldunum ef tryggingatakin skuldbindur sig til að leggja númerin inn yfir vetrinn. Á Íslandi gilda aðrar reglur.

Undirritaður trúir því að fengu hraðþyrstir íbúar þessa lands þar til gerðan vettvang til að fá útrás fyrir þennan þorsta, þ.e. boðlega kappaksturbraut, myndu mun færri þeirra freistast til að svala honum í almennri umferð á íslenskum vegum. En slík braut nýttist ekki aðeins sem slíkur útrásarvettvangur, heldur væri nytsemi slíkrar brautar fyrir íslenskt þjóðfélag fyrst og fremst sá að veita ökumönnum landsins, háum sem lágum, ungum sem öldnum, hraðþyrstum sem hraðafælum, tækifæri til að æfa og bæta aksturshæfileika sína.

Ljóst er einnig að væri tryggingafélögum landsins alvara með því að vilja stuðla að meira umferðaröryggi, einkum að því er varðar akstur mótórhjóla, myndu þau hverfa frá okuriðgjaldastefnunni.

Höfundur er blaðamaður.
(Millifyrirsagnir eru FIB blaðsins)



**BÍLASPRAUTUN OG RÉTTINGAR
AÐDUNS**

Tjónaskoðun · Bilaréttingar
Bilamálun · Allar tegundir bila

S: 554 2510 - 554 2590

Nýbýlavegi 10 · Kópavogi
Við hliðina á Toyota umboðinu

TOYOTA
þjónusta





FRAMTAK
BLOSSI ehf
Drangahrauni 1-1b Hafnarfjörður
Sími: 555 6030 · Fax: 555 6035
Heimasíða: <http://www.framtak.is>

Nýtt þjónustuverkstæði fyrir BOSCH

Framtak-Blossi hefur verið útnefnt **BOSCH DIESEL CENTER** á Íslandi

Viðgerðarþjónusta á **BOSCH** Diesel eldsneytiskerfum

BOSCH stillibekkur – tæki til bilanagreininga

BOSCH gæði







Bifreiðar



Með Bosch gengur allt betur

Bílar sem koma á verkstæði til viðhalds og viðgerða í dag, eru í raun akandi tölvur

Því er nauðsynlegt að hugbúnaðurinn sem notaður er við bilanagreiningu geti tekið við upplýsingum frá tölvuvæðum bílum.

Par að auki þarf bifvélavirkinn að geta nálgast allar nauðsynlegar upplýsingar um viðgerðina. Bosch stillibekkur og bilanagreininir tryggja að þetta sé mögulegt.

Kennsla og þjálfun í notkun búnaðarins ásamt aðgangi að viðurkenndu þjónustuveri Bosch (hotline) er hluti af þeirri þjónustu sem Bosch veitir.

Bosch bilanagreininir og Bosch varahlutir sameina þessa þætti og eru því traustur kostur í viðgerðum á bílum og tækjum.

Bosch bilanagreininir

ESI (tronic) hugbúnaður	Greininga búnaður	Kennsla og þjálfun	Þjónustuver	Bosch varahlutir
-------------------------	-------------------	--------------------	-------------	------------------

Bosch bilanagreining
- allt á sama stað



BOSCH

Hagstæðustu tryggingarnar

FIBTRYGGING

Íslandstrygging hf.
Sími 511 6000

Kristinn Snæland:

Á húsbíl um Norðurlönd

Hér heldur ferðasaga þeirra heiðurshjóna Jónu J. og Kristins Snælands um Norðurlönd áfram. Fyrri hlutinn birtist í síðasta tölublaði FÍB blaðsins. Í fyrri hlutanum sagði frá ferð hjónanna á húsbíl sínum um borð í ferjuna Nörrönu á Seyðisfirði, siglingunni yfir Atlantshafið og landtöku í Færeyjum og ferðum þeirra þar og í Noregi og endaði frásögnin þar sem þau óku eftir Þjóðvegi E 154 um Kongsberg til Notodden þar sem þau gistu hjá ættingjum.

Rjukan

Þann 12.júní ókum við frá Notodden upp til Rjukan en þar er Vemork orkuverið, byggt 1907 til 1911 sem var stærsta orkuver heimsins á sínum tíma. Það varð frægt fyrir vel heppnaðar aðgerðir norskra skæruliða á stríðsárunum. Þá nýttu Þjóðverjar sér virkjunina til þess að framleiða þar þungavatn til nýtingar í kjarnorkusprengjur. Tvær aðgerðir framkvæmdu skæruliðarnir til að koma í veg fyrir ætlanir Þjóðverja. Sú síðari heppnaðist en Þjóðverjar endurgerðu tæknibúnaðinn en þá gerðu Bandamenn gifurlega loftárás á virkjunina. Þjóðverjar ákváðu þá að flytja búnað sinn til Þýskalands en þá lá eina leiðin yfir Tinnvatn með ferjunni D/F Hydro. Skæruliðum tókst að sprengja ferjuna upp á leið yfir vatnið þann 20. febrúar 1944 og sókkva þar þýðingarmestu þungavatnsbirgðunum.

Núna er Vemork orkuverið safn Norskra iðnverkamanna og sýnir þróun iðnaðar í Noregi. Þá er þar sýning um kjarnorkukapphlaupið, m.a. kvikmynd sem nefnd er „Ef Hitler hefði haft sprengjuna.“ Upp að orkuverinu er farið um léttu hengibrú sem ber aðeins minni bíla og aðeins fyrir hreyfilhlaða. Þarna var í gangi teygjustökk, sagt vera hið hæsta í Evrópu, stökkið niður í gilið, en þar var ekkert vatn aðeins urð og grjót. Samt var nóg að gera á brúnni. Eftir ægilega göngu upp að virkjuninni, með mörgum hvíldum var safnið og byggingin skoðuð. Frá Rjukan ókum við fjallveg upp með



Vemork orkuverið í Rjukan.

Gaustatoppen sem margir telja fegursta fjall Noregs sem rís í 1883 metra hæð. Við 1173 metra er stórt bílastæði með söluturni og salernum. Þarna er einna best sýn til fjallsins og besta gönguleiðin upp á hátindinn. Frá Notodden ókum við veg E154 í vestur og þá veg 361 frá Orvella að Gryta en þaðan veg 37 upp í Rjukandalinn. Fjallvegurinn til baka var ekki með vegnúmer en lá úr dalnum að Gaustatoppen og niður um fagar sveitir á veg E154 og til baka til Notodden.

Rafmagnsfallbyssan

Í Notodden er vaggja Norsk Hydro, eða svo sem sagt er í ferðamannabæklingi, „fæðingarstaður Norsk Hydro.“ Þarna er safn í gömlu verksmiðjunni frá 1907 og skemmtilegt dæmi um hugvit

eins af stofnendunum, rafmagnsbyssan prófessors Birkelands. Svo vel heppnaðist hún að prófessorinn smíðaði aðra miklu stærri, fallbyssu. Hann seldi hlutabréf í byssunni og hún vakti þá athygli að þegar til stóð að sýna hana opinberlega mættu herforingjar m.a. bæði frá Englandi og Þýskalandi auk fleiri slíkra. Þegar allt var tilbúið var stræmi hleypt á en þá sprakk byssan hreinlega í loft upp, hlutabréfin féllu og urðu verðlaus en frumgerðin er til sýnis þarna á safni Norsk Hydro.

Í Notodden er líka Heddal stafkirkjan meira en 800 ára gömul og stærsta kirkja Noregs þeirrar gerðar. Biskupsstóll frá því um 1200 reykelsiskar frá miðöldum og veggmálningar frá því um 1600. Kirkjan er enn

í notkun sem aðalkirkja byggðarinnar meiri hluta árs. Í grennd við kirkjuna er byggingasafn með byggingar frá miðöldum og fram til millistríðsára. Rambergsstofa er hin merkasta vegna rósamálninga alþýðulistamannsins Olavs Hanssons. Okkar kæri leiðsögumaður Þórhildur Snæland sem ekur strætisvagni í Notodden fór með okkur um byggðina og sýndi okkur það helsta, m.a. fyrstu stífluna í ánni sem hratt af stað orkuframleiðslu og stóriðnaði.

Pappírverksmiðja var þarna og enn stóð uppi löng renna úr timbri, sem nýtt var til að fleyta trjám framhjá stíflu orkuversins. Við nutum þess líka að fá far með strætisvagni Þórhildar um þær leiðir sem hún verður að aka sumar sem vetur. Brekkur þær og krókaleiðir eru áreiðanlega ekki á hvers manns færi að vetrarlagi. Að lokinni ánægjulegri heimsókn í Notodden ókum við niður til sjávar um veg 360, þá veg 36 á E18 að Olavsberget Camping og Badepláss í Porsgrunn.

Drammen.

Frá Porsgrunn ókum við veg E18 rakleitt til Drammen þar sem við fórum í jarðgöngum sjö hringi í Spiralen upp á góðan



Rafmagnsbyssan Prófessors Birkelands, sú sem ekki sprakk.

útsýnisstað yfir borgina. Áfram héldum við í átt að Osló og senn tóku við gjaldskyld svæði á hraðbrautinni sem fljótlega breyttist í hægbraut og nánast mátti kalla E18 bílastæði en ekki hraðbraut og af og til var samt gjaldskylda – svona einskonar bílastæðisgjald því ekkert gekk að mjakast áfram. Vorum t.d. einn og hálfan klukkutíma að aka um 10 kílómetra.

Loks vorum við komin í Ráðhúsgötu og svipuðumst eftir bílastæði sem ekki voru auðfundin en samt tókst það og þá mátti greiða vel. Eftir plokkið á „hraðbrautinni“ vorum við rúin skiptimynt en bættum úr því og skutumst á kaffihús. Hvergi var unnt að stansa án greiðslu en þar sem ætlunin var að sjá Vigelandssafnið voru kortin tekin upp og stefnan tekin þangað. Gekk það þokkalega en lentum þó á bílastæði við kirkjugarð. Þar þurfti ekki að greiða í stæði en við fluttum okkur að safninu sem var næsta stæði og greiddum þar. Skoðuðum þá verk Vigelands sem flest sýndu fólk á öllum aldri í góðum holdum sem allt virtist hafa komist hjá sulti eða annarri líkamlegri þjáningu eða áreynslu. En miðað við spikið á fólkinu var það reyndar í hinum ótrúlegustu stellingum. Jæja Einar okkar Jónsson var mikill listamaður, svo mikið er víst.

Eftir allt peningaplokkið á hinni svonefndu hraðbraut og á bílastæðunum og vonbrigði með Vigeland var ákveðið að sleppa nánari kynnum af Osló að þessu



Styttur Vigelands í Osló.

Við stefndum á Kungshamn og Smögen og tókum veg 174 til hægri niður að Sólvík sem er frábært tjaldsvæði við sjóinn og auglýsir sig sem perlu í hjarta Bohusléns, sem má með sanni segja, þar sem önnur góð tjaldsvæði merkja sig sem fjögurra stjörnu, þá má sæma Sólvík fimm stjörnum.

Frá þessum ágæta stað héldum við veg 171 upp á E6 og nú áfram til Varberg en þar störfuðu margir Íslendingar um 1970 eftir að verkefnum lauk hjá Kockums í Malmö. Þar skoðuðum við sjóbaðið og fjölbreyttan markað við Konungsgötuna, en héldum enn eftir E6 og nú til Halmstad. Þar í stórmarkað og lentum í óskemmtilegri reynslu.

Rænd!

Í Halmstad fórum við í hraðbanka og tókum út 2000 kr. sem við skiptum milli okkar. Við fórum í tvær verslanir og á snyrtingu og þá á veitingastað. Jóna hafði sett peningana

